# FRÉTTABLAÐIÐ

95. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 26. APRÍL 2019




Veðrið lék við allflesta landsmenn í gær á fyrsta degi sumars. Margir nýttu því tækifærið og gerðu sér glaðan dag. Til dæmis þessi börn sem léku við hvurn sinn fingur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og nutu blíðunnar. Þrátt fyrir mistur frá Sahara var þetta hlýjasti fyrsti dagur sumars í Reykjavík frá upphafi mælinga, hitinn fór í 14,7 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri sumarmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Grunur fallið á fjóra verjendur

Á fimm árum fengu fjórir verjendur stöðu sakbornings í málum skjólstæðinga. Lögmaður segir réttindi sakaðra manna skerðast með aðgerðum gegn verjendum þeirra. Vandmeðfarið segir héraðssaksóknari.

**LÖGREGLUMÁL** Að minnsta kosti fjórir verjendur hafa fengið stöðu sakbornings í málum skjólstæðinga sinna á undanförnum fimm árum. Þetta kemur fram í svari ríkissaksóknara við fyrirspurn Fréttablaðsins. Tveir þeirra voru látnir sæta gæsluvarðhaldi en mál þeirra allra felld niður án þess að til ákærumeðferðar kæmi.

Lögmannafélagið hefur ekki haft afskipti af þessum málum að sögn Berglindar Svavarsdóttur, formanns félagsins. Einn hinna fjögurra lögmanna segir eðlilegt að Lögmannafélagið láti sig þessi mál varða og fylgist með og vinni að því almennt að réttindi sakaðra manna og starfsumhverfi lögmanna sé tryggt.

> **Að mínu mati verður lögreglan að stíga mjög varlega til jarðar þegar kemur að rannsóknum á lögmönnum í tengslum við sakamál sem þeir eru að vinna í.**
>
> Þorgils Þorgilsson lögmaður



„Það eru grundvallarréttindi sakaðs manns að ræða við verjanda sinn í trúnaði og þennan rétt má ekki skerða undir því yfirskini að verjandinn liggi undir grun með einum eða öðrum hætti,“ segir Þorgils Þorgilsson lögmaður sem fékk stöðu sakbornings í máli skjólstæðings síns en hann var grunaður um að hafa aðstoðað hann við flótta úr gæsluvarðhaldi fyrir ári. Hald var lagt á síma Þorgils þegar leit að skjólstæðingi hans stóð yfir en hann komst frá Sogni alla leið til Amsterdam, með millilendingu í Stokkhólmi. Þorgilsi var tilkynnt um niðurfellingu málsins gegn honum fyrir mánuði en ár er liðið frá því að hann fékk fyrrgreinda réttarstöðu í máli skjólstæðings síns.

„Að mínu mati verður lögreglan að stíga mjög varlega til jarðar þegar kemur að rannsóknum á lögmönnum í tengslum við sakamál sem þeir eru að vinna í,“ segir Þorgils. Hann bendir á að lögmenn skuli ekki samsamaðir umbjóðendum sínum.

**– aá /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson kryfur minningargreinar. 9

**SPORT** Berglind Björg Þorvaldsdóttir hefur leikið með PSV í þrjá mánuði í toppbaráttunni í Hollandi. 12

**TÍMAMÓT** Bergrún Íris segir verðlaun kennd við Guðrúnu Helgadóttur mesta heiður sem hún hafi getað ímyndað sér. 14



**LÍFIÐ** Stálsmíði Anítu Hönnu Sævarsdóttur í mínimalískum stíl vekur athygli. 20

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÚTIVIST**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Austlæg átt, 3-10 m/s, en 10-15 syðst. Þykknar upp S- og A-til. Hiti víða 10 til 18 stig, hlýjast á NV-landi, en mun svalara úti við A-ströndina. SJÁ SÍÐU 16

# Smit skráð sem alvarlegt tilfelli

**HEILBRIGÐISMÁL** Listeríusmit sem greindist hjá Ópal sjávarfangi var skráð sem alvarlegt frávik í skýrslu Matvælastofnunar (MAST). Þetta sagði upplýsingafulltrúi stofnunarinnar í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann sagði aukinheldur að þegar alvarleg frávik eru skráð falli fyrirtæki niður í neðsta framleiðsluflokk. Hann gat ekki staðfest í gær að það hafi nú þegar verið gert í tilfelli Ópals sjávarfangs.

**» Eigandi Ópals sjávarfangs hefur enga tilkynningu fengið um að MAST hafi fellt fyrirtækið um flokk.**

Kona lést af völdum listeríusýkingar fyrr á árinu. Fram hefur komið að sýkingin kom úr graflaxi frá Ópal sjávarfangi.

Fyrirtækið sendi frá sér tilkynningu í gær vegna málsins þar sem sagði að Ópal sjávarfang hafi innkallað graflaxinn um leið og niðurstöður úr ræktun sýna lágu fyrir. Síðar hafi allar vörur verið innkallaðar. Einnig sagði að Ópal sjávarfang væri í A flokki hjá MAST „sem er hæsti gæðastuðull sem fyrirtæki í matvælaframleiðslu getur fengið“.

Samkvæmt upplýsingafulltrúa MAST eru flokkarnir þrír, A, B og C. Fyrirtæki eru fyrst sett í B flokk. Þau geta fært sig upp í A flokk með góðri frammistöðu og þá fækkar eftirlitstímum um helming. Ef alvarlegt tilfelli er skráð fellur fyrirtæki niður í neðsta framleiðsluflokk. Þá fjölgar eftirlitstímum um helming.

Birgir Sævar Jóhannsson, eigandi Ópals sjávarfangs, segist ekki hafa fengið tilkynningu um fellingu. „Það kom ein alvarleg athugasemd sem var leyst úr innan þeirra tímamarka sem Matvælastofnun gefur, sjö daga. Þannig það á engin ástæða að vera fyrir gæðaflokksfellingu eða öðru vegna þess,“ segir hann og bætir við að fyrirtækið hafi í mörg ár verið í A flokki. **– þea**

## Í mistrinu



Sumarið er gengið í garð og félagar í Kayakklúbbnum fagna því eins og þessi ræðari sem leið um í Sahara-mistrinu sem lagðist yfir höfuðborgina í gær og í myndsvið ljósmyndarans við Geldinganes. Eftir hitamet gærdagsins er spáð eilítið kólnandi veðri þótt enn verði milt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Leiðtogarnir tveir.** NORDICPHOTOS/AFP

# Vill öll ríkin sex að sama borði

**RÚSSLAND** Ábyrgjast þarf öryggi einræðisstjórnar Kim Jong-un í Norður-Kóreu ef ríkið á að kjarnorkuafvopnast. Þetta sagði Vladímír Pútín, forseti Rússlands, eftir viðræður leiðtoganna tveggja í Vladívostok í Rússlandi í gær.

Upplýsingafulltrúi Pútíns, sagði að ríkin sex sem áður hafa átt í viðræðum um norðurkóresk kjarnorkumál, það er Rússland, Kína, Suður-Kórea, Norður-Kórea, Bandaríkin og Japan, þyrftu að eiga í viðræðum um málið á ný. **– þea**

# Safnar undirskriftum fyrir nýtt val í fluginu

**Fólki gefst nú kostur á að skrá sig á flyicelandic.is þar sem lofað er fríðindum og ódýrum flugmiðum. Talsmaður FlyIcelandic segir að skapa eigi viðskiptagrunn sem stofna megi flugfélag á eða efna til samstarfs við önnur flugfélög.**

**FLUGMÁL** Ástþór Magnússon, fyrrverandi forsetaframbjóðandi með meiru, hefur ásamt fleirum sett á flot netsíðu til að afla stuðnings við annaðhvort nýtt flugfélag eða klúbb sem útvegar félagsmönnum ódýrt flug.

Meðal samstarfsaðila Ástþórs segir Jóel vera portúgalska flugfélagið JetBanus sem leggja myndi til þær Airbus-þotur sem Ástþór hefur sagst hafa aðgang að.

„Við erum ekki að fara út í að reka flugfélag heldur er þetta viðskiptahugmynd varðandi það að setja upp allan viðskiptagrunninn þannig að það gæti verið stofnað flugfélag í kring um það. JetBanus er í því að leigja út vélar,“ segir Jóel Kristinsson, talsmaður FlyIcelandic. „Við viljum sjá áhugann hjá fólki og fyrirtækjum á að taka þátt í því. Við förum aldrei af stað ef það verður enginn áhugi.“

Nánar útskýrir Jóel að FlyIcelandic geti annaðhvort orðið að nýju flugfélagi eða klúbbi – eða jafnvel að samblandi af því tvennu. „Þetta er ákveðin hugmyndafræði sem er alveg ný sem snýst um að búa til grunn fyrir flugfélag að starfa á.“

Á síðunni flyicelandic.is er fólk hvatt til að skrá sig og fá þannig ódýra flugmiða og fríðindi. „Þú öðlast rétt á að kaupa EcoMiles sem eru flugmílur á heildsöluverði og njóta ýmissa fríðinda sem FlyIcelandic farþegi,“ segir á síðunni. Með „samhentu átaki“ sé vonast til að „fylla upp í það skarð sem myndaðist í íslenskum flugsamgöngum við fall WOW air.“

Þá er tekið fram að FlyIcelandic hafi engin tengsl við WOW air. „En við höfum áratuga reynslu í flugrekstri og aðgang að Airbus-flugvélaflota sem leggur áherslu á plastlaust flug. Markmið okkar er að aðstoða íslenska ferðaþjónustu og fyrrum starfsmenn WOW air að komast aftur í loftið á öruggum starfsgrundvelli,“ segir á flyicelandic.is.




**Á heimasíðu JetBanus er að finna þessa samsettu mynd með frétt þar sem spurt er hvort Ísland muni ryðja brautina að plastlausu flugi.** MYND/JETBANUS

Um sjötíu manns og fjögur fyrirtæki höfðu að sögn Jóels skráð sig á síðu FlyIcelandic síðdegis í gær, skömmu eftir að hún var opnuð. Talsverður áhugi sé hjá fyrrverandi starfsfólki WOW air. Hann undirstrikar að engin skuldbinding fylgi því að skrá sig.

„Við erum ekki að biðja um fjármagn eða neitt. Þetta er ekki hópfjármögnun eins og er. Við erum bara að sjá hvort fólk er tilbúið að taka þátt. Ef það er mikil þátttaka þá er hægt að fara í svoleiðis fjármögnun,“ segir Jóel. Fólk þurfi ekki endilega að taka þátt sem fjárfestar heldur einfaldlega styðja málstaðinn.

Aðspurður segir Jóel ekkert hafa verið skoðað á hvaða flugleiðum til og frá landinu helst þurfi að bæta við framboði af sætum. „Við erum aðallega að reyna að sjá hver áhuginn er fyrir að taka þátt í svona. Síðan er hægt að fara í það ef af verður,“ svarar hann.

Aðrir aðilar, eins og til dæmis Hreiðar Hermanns í Stracta hótelum, hafa sagst vera með lággjaldaflugfélag í undirbúningi. Jóel segir áform FlyIcelandic ekki þurfa að stangast á við slíkan rekstur. „Það væri hægt að fara í samstarf við slíka aðila. Það er allt opið í því hvaða leiðir er hægt að fara.“

**gar@frettabladid.is**












ÚTSÆÐIÐ
ER KOMIÐ!

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Breti fær fyrstu Alþjóðlegu bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness

**MENNING** Breski rithöfundurinn Ian McEwan hlaut í gær Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tilkynnti um þetta á Bókmenntahátíð í Veröld í Reykjavík í gær en þetta er í fyrsta skipti sem verðlaunin eru veitt.

McEwan var ekki viðstaddur athöfnina. Hann mun hins vegar koma hingað til lands í september og veita verðlaununum, fimmtán



Ian McEwan, rithöfundur frá Bretlandi.

þúsundum evra, viðtöku. Samkvæmt fréttatilkynningu mun íslensk þýðing Árna Óskarssonar á nýjustu bók McEwans, Machines Like Me, koma út um svipað leyti.

Haft var eftir verðlaunahafanum að hann væri afar þakklátur fyrir verðlaunin. Hann hlakki sömuleiðis til þess að koma til Reykjavíkur í haust og taka við þeim.

Valnefnd, sem var skipuð Elizu Reid forsetafrú, Einari Má Guðmundssyni rithöfundi og Stellu Soffíu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Bókmenntahátíðar í Reykjavík, sagði í umsögn sinni að verk Ians McEwan á borð við smásögurnar First Love, Last Rites og In between the Sheets og skáldsögurnar Steinsteypugarðurinn og Vinarþel ókunnugra hefðu náð vel til áhugamanna um nýjungar í bókmenntum.



„Þar kvað við nýjan tón en um leið vöktu þær harðar deilur. Það voru ekki síst ögrandi viðfangsefnin, efnisval utan alfaraleiðar, viðkvæm mál, sem sköpu höfundinum sérstöðu. Sagt hefur verið um Ian McEwan að hann haldi sig ekki bara við fyrirsagnirnar í huganum heldur líka smáa letrið í sálinni," sagði þar að auki í umsögn frá valnefndinni. **– þea**

## Reiknuðu fjölda látinna vitlaust

**SRÍ LANKA** Um 253 fórust í hryðjuverkaárásunum sem gerðar voru í Srí Lanka á páskadag en ekki 359 eins og áður hafði komið fram. Frá þessu greindi heilbrigðisráðuneyti Asíuríkisins í gær. Ástæðan fyrir röngu tölunni var sögð villa við útreikninga.

**253**

**fórust í hryðjuverkaárásum í Srí Lanka á páskadag.**

Langstærstur hluti hinna látnu voru heimamenn en samkvæmt srílanska utanríkisráðuneytinu voru fjörutíu erlend fórnarlömb. Þar á meðal voru ellefu frá Indlandi, sex frá Bretlandi og þrjú frá Danmörku. Jarðneskar leifar sextán erlendra fórnarlamba hafa verið sendar til heimalandsins.

Hemasiri Fernando, varnarmálaráðherra Srí Lanka, sagði af sér í gær, að því er srílanski miðillinn Daily Mirror greindi frá. Maithripala Sirisena, forseti landsins, hafði áður krafist afsagnar hans. Meðal annars vegna þess að mögulega hefði verið hægt að afstýra árásunum ef leyniþjónusta hefði komið upplýsingum sem hún hafði fengið um möguleika á árásum á réttan stað. Samkvæmt Sirisena stendur til að stokka upp í stjórn lögreglu, hers og leyniþjónustu á næstu dögum. **– þea**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Gera tillögur að reglum um húsleitir á lögmannsstofum

**Fjórir verjendur hafa fengið stöðu sakbornings á nokkrum árum. Héraðssaksóknari segir ákærendur fara varlega gagnvart verjendum. Lögmannafélagið gerir tillögur að reglum um húsleitir á lögmannsstofum. Almannahagsmunir að vernda trúnaðarskyldu verjenda við skjólstæðinga að mati dómara.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er bæði fátítt og vandmeðfarið," segir Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari um lögmenn sem fá réttarstöðu sakbornings í sakamálum sem þeir hafa aðkomu að sem verjendur. Fjórir verjendur hafa fengið slíka réttarstöðu á síðustu fimm árum, samkvæmt svari ríkissaksóknara við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Þeir sem hafa ákæruvald á hendi eru mjög meðvitaðir um að fara þurfi varlega í þessum efnum vegna þeirrar stöðu sem lögmenn eru í sem verjendur. Þeir gegna ákveðnu hlutverki í refsivörslukerfinu," segir Ólafur og vísar til áherslu lögmannanna sjálfra á að þeir séu ekki samsamaðir skjólstæðingum sínum og þeim sé gert kleift að rækja þann starfa sem þeim er jafnvel gert skylt að taka að sér.

Ólafur hefur sjálfur verið með mál þar sem verjandi fékk stöðu sakbornings. Aðspurður segist hann þó ekki muna til þess að verjandi í máli hafi verið ákærður.

Ólafur bendir á að skilgreining á réttarstöðu sakbornings hafi verið víkkuð töluvert út með nýjum lögum um meðferð sakamála árið 2008. Sakaður maður nýtur réttinda umfram aðra sem kvaddir eru til vegna sakamálarannsókna til dæmis til skýrslugjafar. Vegna réttar sakaðs manns til að fella ekki sök á sjálfan sig er sú leið farin að veita viðkomandi réttarstöðu sakbornings og tryggja honum þar með víðtækari réttarvernd.

Í málum þar sem grunur hefur fallið á verjendur hafa því fylgt íþyngjandi rannsóknaraðgerðir.

**» Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt áherslu að dómari eða óháður eftirlitsmaður hafi eftirlit með rannsóknaraðgerðum lögreglu gegn lögmönnum eftir að heimild er veitt til þeirra.**

Lögmannafélagið vinnur nú að tillögum að reglum um húsleitir á lögmannsstofum sem fela meðal annars í sér að virða þurfi rétt og skyldu lögmanna til trúnaðar við viðskiptamenn sína.

Vegna mála sem upp hafa komið á undanförnum árum hafa margir lögmenn gagnrýnt víðtæka dómsúrskurði um húsleitir á lögmannsstofum enda geti haldlagning á gögnum lögmanna stefnt trúnaðarsambandi þeirra við umbjóðendur sína í mikla hættu.

Dæmi eru um að öll rafræn gögn lögmanna hafi verið afrituð og haldlögð í kjölfar húsleitar þótt ljóst sé að megnið af þeim hafi enga þýðingu við rannsókn viðkomandi máls.

**adalheidur@frettabladid.is**



Berglind Svavarsdóttir. Ólafur Þór Hauksson.

## Sími lögmanns og gögn haldlögð af lögreglu

**Sími verjanda í vörslu lögreglu í viku**



Þorgilsi Þorgilssyni var veitt réttarstaða sakbornings í bitcoin-málinu svokallaða, vegna gruns um að hann hefði veitt skjólstæðingi sínum aðstoð við flótta úr fangelsi. Þorgils var kallaður til skýrslutöku og beðinn að gera grein fyrir samskiptum þeirra. Þá var sími hans haldlagður og hafður í vörslu lögreglu í heila viku.

Vegna þessa meðal annars fóru verjendur þriggja ákærðu í gagnaversmálinu fram á frávísun málsins. Í greinargerð þeirra var vísað til lagaákvæða sem banna að hald sé lagt á muni sem hafi að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli. Vísað var til aðgerðaskrár síma Þorgils sem sýndi að á þeim tíma sem lögreglan hafði símann í sinni vörslu var kveikt á símanum og lögregla því virst hafa reynt að afla gagna úr honum án heimildar.

**Verjandi settur í gæslu og öll gögn haldlögð**



Steinbergur Finnbogason var handtekinn við komu í skýrslutöku með skjólstæðingi sínum í febrúar 2016, grunaður um aðild að umfangsmiklu peningaþvætti. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald en var sleppt þremur dögum síðar. Í kjölfar handtökunnar var gerð húsleit á lögmannsstofu og heimili Steinbergs og mikið magn skjala afrituð og haldlögð.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um eyðingu umræddra gagna er vísað til trúnaðarskyldu lögmanna við skjólstæðinga sína sem eins af „mikilvægustu þáttum réttarríkisins og horfir til réttaröryggis borgaranna. Hún skírskotar þannig ekki einungis til hagsmuna skjólstæðings lögmanns heldur jafnframt til almannahagsmuna." Þessum sjónarmiðum hafi verið með haldlagningu gagnanna með öllu verið varpað fyrir róða og niðurstaðan sú að hagsmunir sem varða trúnaðarsamband verjanda við skjólstæðing sinn séu mun ríkari en meintir rannsóknarhagsmunir í umræddri lögreglurannsókn.

RENAULT
Passion for life

**Vinnuflokkurinn og allt heila klabbið!**



Renault Trafic langur 6 manna og Renault Master Double Cab 7 manna með palli eru einstaklega hentugir vinnubílar fyrir verktaka og vinnuflokka sem þurfa að flytja allt í einni ferð án vandræða.

**EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX**

**RENAULT TRAFIC CREW-VAN**
6 SÆTA/FARANGURSRÝMI, DÍSIL, BEINSKIPTUR
Verð: **4.427.419** kr. án vsk.
5.490.000 kr. m. vsk.

**RENAULT MASTER DOUBLE CAB**
7 SÆTA/PALLBÍLL, DÍSIL, BEINSKIPTUR
Verð: **4.314.516** kr. án vsk.
5.350.000 kr. m. vsk.

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is

ENNEMM / SÍA / NM93618

# BÓKMENNTAHÁTÍÐ HELDUR ÁFRAM!




Dyr opnast
**TILBOÐSVERÐ: 4.299.-**
Verð áður: 4.999.




Þakkarskuld
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Þar sem ekkert ógnar þér
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Meira
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Bjargfæri
**TILBOÐSVERÐ: 3.799.-**
Verð áður: 4.399.-




Blá
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Ó - um þegnrétt tegundanna í íslenskri náttúru
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Ég er að spá í að slútta þessu
**TILBOÐSVERÐ: 2.599.-**
Verð áður: 2.999.-




Ráðgátan Henri Pick
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Barn náttúrunnar
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Vonum það besta
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-




Múttan
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 28. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Loks tók Biden af skarið

**BANDARÍKIN** Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna í forsetatíð Baracks Obama, tilkynnti í gær opinberlega um að hann ætlaði að sækjast eftir útnefningu Demókrata til forsetaframboðs. Tilkynningin var síður en svo óvænt enda hefur Biden verið í óformlegri kosningabaráttu um nokkurra mánaða skeið.

Biden bauð sig einnig fram árin 1988 og 2008 en náði takmörkuðum árangri. Í myndskeiði þar sem hann tilkynnti um framboð gagnrýndi hann Donald Trump forseta harðlega. Sagði það mundu breyta eðli Bandaríkjanna varanlega ef hann næði endurkjöri.

Búast má við því að Biden reyni að höfða til þeirra kjósenda sem kusu Trump árið 2016 en Barack Obama árin 2008 og 2012. Í þeim hópi eru einkum hvítir, efnaminni kjósendur í mikilvægum barátturíkjum á borð við Pennsylvaníu.

**Búast má við því að Biden reyni að höfða til þeirra kjósenda sem kusu Trump árið 2016 en Barack Obama árin 2008 og 2012. Hann bauð sig einnig fram árin 1988 og 2008 en náði takmörkuðum árangri.**



Áður en að því kemur þarf Biden hins vegar að etja kappi við óvenju fjölmennan hóp frambjóðenda í forkosningum Demókrata. Grasrót flokksins er ung og fjölbreytt og því hafa bandarískir stjórnmálaskýrendur velt upp þeirri spurningu hvort hvítur, gagnkynhneigður karlmaður á áttræðisaldri eigi möguleika á sigri.

Skoðanakannanir benda til þess að Biden þurfi ekki að hafa áhyggjur af því. Nýleg könnun Morning Consult sýndi að 58 prósentum Demókrata þykir aldur hans ekki vandamál. Þá mælist Biden vinsælastur með 29,3 prósent í meðaltali skoðanakannana um forvalið sem Real Clear Politics tekur saman. Næst koma Bernie Sanders með 23 prósent, Kamala Harris með 8,3 prósent og Pete Buttigieg með 7,5 prósent. – þea







Nettó reyndist oftast vera með lægsta verðið í athugun Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mikill munur á verði matvöru netverslana

**Verulegur verðmunur getur verið á milli netverslana með matvöru samkvæmt verðathugun Fréttablaðsins. Þrjú fyrirtæki sérhæfa sig helst í matvöru á netinu. Framkvæmdastjóri Bónuss segist ekki geta farið í netverslun sem sakir standa.**

**NEYTENDUR** Það getur verið tæplega 200 prósenta verðmunur á milli verslana með matvöru á netinu hér á landi. Samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins reyndist netmatvöruverslunin Boxið oftast með hæsta verðið en oftast munar tiltölulega litlu á verði Heimkaupa og Nettó.

Að kaupa í matinn á netinu hefur notið sívaxandi vinsælda hér á landi þó að markaðurinn sé heldur nýr af nálinni og enn að slíta barnsskónum ef svo má segja. Hagkaup gerði tilraunir með netverslun en hún virðist hafa lagst af en Boxið hóf innreið sína á þennan markað haustið 2016. Um ári síðar hleypti Nettó sinni netverslun af stokkunum í gegnum markaðstorgið aha.is og Heimkaup.is, stærsta netverslun landsins, hefur svo komið sterk inn undanfarið.

Verð á matvöru er áþekkt í netverslunum Heimkaupa og Nettó. Í samanburði Fréttablaðsins var Nettó þó oftar með lægra verð og fleiri vörur úr matarkörfu Fréttablaðsins fáanlegar þar.

Einn af helstu kostum þess að kaupa matvöru á netinu er tímasparnaðurinn sem felst í því að losna við búðarferðina sjálfa og svo er hægt að fá vörunum ekið heim að dyrum gegn gjaldi en ef verslað er fyrir meira en tiltekna upphæð býðst frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu. Þessi upphæð er mismunandi milli verslana. Heimkaup býður best, eða fría heimsendingu á öllum pöntunum yfir 4.900 krónum. Boxið býður upp á fría heimsendingu á pöntunum yfir 10 þúsund en Nettó 15 þúsund.

**51%**
**munur er á hæsta og lægsta verði á banönum á netinu.**

Vörukarfa Fréttablaðsins byggir á völdum vörum úr verðlagseftirliti ASÍ. Hefur blaðið notað þessa vörukörfu áður við verðkannanir hjá matvöruverslunum. Verðkönnunin var gerð að morgni þriðjudagsins 23. apríl.

Sem dæmi má nefna að mestur er verðmunurinn á 415 gramma dós af bökuðum baunum frá Heinz sem er nærri þrefalt dýrari hjá Heimkaupum en í Nettó. Kílóverð af banönum er 56 prósentum hærra hjá Boxinu en bæði Nettó og Heimkaupum. Rúmlega 51 prósents munur er á lægsta kílóverði rauðra epla hjá Nettó og Heimkaupum, Nettó í vil.

500 grömm af óhrærðu MS Ísey skyri er 33 prósentum ódýrara hjá Nettó en Boxinu og þá munar ríflega 30 prósentum á lægsta kílóverðinu á fersku nautahakki.

Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri Heimkaupa, segir vöxtinn í verslun með matvöru á netinu hafa verið mikinn en samkeppnin sé það sömuleiðis.

„Til þess að geta boðið samkeppnishæf verð flytjum við sjálf inn nánast allt nema innlendu framleiðsluvöruna. Það sem fólk þarf að hafa í huga er að meðan birgjarnir fylla á stórmarkaðina, viðskiptavinirnir tína til vörurnar, setja þær í poka og keyra þær sjálfir heim, þá gerum við þetta allt saman fyrir fólk og innifalið í verðinu.“

Þeir sem binda vonir við að lágverðsverslanir á borð við Bónus ætli sér inn á netmarkaðinn á næstunni gætu þurft að bíða aðeins lengur.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir þennan verslunarmáta framtíðarinnar mikið hafa verið skoðaðan þar.

„Eins og staðan er núna er þetta kostnaðarsamt. Við getum ekki tekið til vörur upp í pantanir á þeirri álagningu sem við erum að vinna á. Það er bara eitt verð í Bónus og við ætlum ekki að flækja þetta. En við höfum skoðað þetta vel og þetta mun í framtíðinni verða valkostur.“ mikael@frettabladid.is

## Verðkönnun Fréttablaðsins

| | Boxið | Heimkaup | Nettó | Mesti munur á netverslunum % |
|---|---|---|---|---|
| Smjörvi 400 gr | 623 | 539 | 540 | 15,58% |
| MS Léttmjólk 1 lítri | 179 | 154 | 155 | 16,23% |
| MS Ísey skyr óhrært 500 g | 399 | 305 | 299 | 33,00% |
| MS AB Mjólk hrein 1 lítri | 379 | 324 | 320 | 18,00% |
| Kjúklingabringur ferskar* | kr./kg ekki uppgefið | 1.995 | 2.389 | 19,70% |
| Nautahakk, ferskt * | 2.362 | Ekki til | 1.798 | 31,00% |
| Hveiti * | 114 | 122 | 115 | 7,00% |
| Sykur * | 132 | 129 | 110 | 20,00% |
| Bananar * | 384 | 245 | 245 | 56,00% |
| Epli rauð * | kr./kg ekki uppgefið | 256 | 169 | 51,47% |
| Eggaldin * | kr./kg ekki uppgefið | Ekki til | 499 | 0,00% |
| Coca Cola ** | 195 | 147 | 150 | 32,00% |
| Filippo Berio ólífuolía *** | 1.465 | Ekki til | 1.298 | 12,80% |
| Heinz bakaðar baunir 415 gr | 179 | 289 | 99 | 191,00% |

* Lægsta kílóverð **Lítraverð *** Lægsta lítraverð



ŠKODA
ŠKODA KAROQ
TILBÚINN
Í ÆVINTÝRIN
KEYRÐU INN Í MORGUNDAGINN Á NÝJUM KAROQ.
Škoda Karoq er frábær valkostur hvort sem þú ert mest á ferðinni innanbæjar eða úti á landi. Einstakir aksturseiginleikar, ríkulegur útbúnaður og sportlegt útlit grípa mann við fyrstu kynni. Þú getur fengið hann bæði fram- og fjórhjóladrifinn og nú býðst hann á verði sem er erfitt að toppa. Komdu til okkar og prófaðu nýjan Škoda Karoq. Ævintýrin gerast líka á virkum dögum. Hlökkum til að sjá þig!
Škoda Karoq
Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Tilboðsverð 4.390.000 kr.
Listaverð ~~4.850.000~~ kr.
Afsláttur
460.000 kr.
Škoda Karoq 4x4
Ambition / 1.5 TSI / Sjálfskiptur
Verð frá 4.990.000 kr.
Aukahlutapakki fylgir Karoq 4x4!
· Hiti í stýri
· Hiti í framrúðu
· Climatronic miðstöð
· Fjarlægðartengdur hraðastillir
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd








# Hlýr fyrsti sumardagur

Veður var með besta móti víðs vegar um landið í gær og gátu margir því glaðst á sumardaginn fyrsta, aldrei þessu vant. Veður var meira að segja svo gott að hitamet fyrir sumardaginn fyrsta var slegið í Reykjavík. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með sumargleði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.





# Of dýrir bankar



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Bankarekstur er í eðli sínu áhættusamur. Það er enda beinlínis hlutverk fjármálastofnana að taka áhættu með viðskiptavinum sínum. Tíðar fréttir að undanförnu af milljarða útlánatöpum Arion banka, meðal annars vegna gjaldþrots flugfélaganna WOW air og Primera Air, eru áminning um þessi sannindi. Bankinn stendur traustum fótum, rétt eins og íslensku bankarnir almennt, og getur því tekið á sig slíkt fjárhagslegt högg. Í stóra samhenginu, hvort sem litið er til eiginfjárstöðu eða heildarútlánasafns bankans, þá eru fjárhæðirnar sem um ræðir hverfandi.

Það skiptir meira máli fyrir bankana en einstaka útlánatöp að leita leiða til að bæta arðsemi af grunnrekstri sínum. Samanlögð arðsemi eigin fjár stóru bankanna var rétt yfir sex prósentum 2018 og dróst saman um fimmtung á milli ára. Í nýjustu fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabankans er bent á að arðsemi viðskiptabankanna, sem eru að tveimur þriðju í eigu skattgreiðenda, hafi aðeins verið um einni prósentu meiri en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa. Strangar eiginfjárkröfur og háir sértækir skattar, margfalt meiri en þekkist í okkar nágrannaríkjum, gera bönkunum erfitt um vik að skila viðunandi arðsemi.

Þótt starfsmönnum haldi áfram að fækka þá hefur rekstrarkostnaður aukist meira en tekjur bankanna. Kostnaðarhlutfall þeirra nú hefur ekki mælst hærra frá því að nýju bankarnir voru stofnaðir. Í samanburði við banka af sambærilegri stærð á hinum Norðurlöndunum er kostnaðarhlutfall íslensku bankanna umtalsvert hærra. Öllum má vera ljóst að róttækari hagræðingaraðgerða er þörf til að bæta þar úr. Ekki er hins vegar við því að búast að stór skref verði stigin í þá átt á meðan stærstur hluti bankakerfisins er án virkra eigenda. Það verður líklega hlutverk nýs forstjóra Arion banka, eina bankans sem er í eigu einkaaðila og skráður á markað, að taka forystu í þeim efnum.

Brotthvarf Höskuldar Ólafssonar, sem hafði stýrt Arion í um níu ár, kom engum á óvart sem til þekktu. Með tilkomu nýrra hluthafa og umtalsverðri uppstokkun á stjórn bankans var ljóst að það væri aðeins tímaspursmál hvenær breytingar yrðu gerðar á bankastjórastólnum. Eigendur bankans, sem eru einkum erlendir fjárfestingarsjóðir, voru orðnir langeygir eftir aðgerðum til að minnka rekstrarkostnað og bæta arðsemi bankans, sem var aðeins rúmlega þrjú prósent í fyrra. Fyrir stjórnvöld eru umtalsverðir hagsmunir af því að það takist snúa þeirri stöðu við. Kröfuhafar Kaupþings eiga enn tuttugu prósenta hlut í bankanum, sem verður seldur í fyllingu tímans, en samkvæmt afkomuskiptasamningi mun söluandvirðið að stórum hluta falla í skaut ríkissjóðs.

Vandinn er þessi: Bankarnir eru of dýrir í rekstri, offjármagnaðir og of einsleitir. Þetta þarf að breytast. Þeirri óhagkvæmni sem við sjáum í rekstri og fjármögnun bankanna, sem starfa nær eingöngu á heimamarkaði, er óhjákvæmilega velt yfir á viðskiptavinina. Með öðrum orðum eru það íslensk heimili og fyrirtæki sem þurfa að bera kostnaðinn. Þau hafa því ríka hagsmuni af því að það takist að koma á hagkvæmara fjármálakerfi.

**Bankarnir eru of dýrir í rekstri, offjármagnaðir og of einsleitir.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Allir vildu Lilju kosið hafa**

**Þau merkilegu tíðindi komu fram í könnun sem Maskína birti á síðasta degi vetrar að Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra er eini ráðherra ríkisstjórnarinnar sem meirihluti er ánægður með. Rúmlega tvö af hverjum þremur aðspurðum sögðust ánægð með störf ráðherrans. Næst var Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir með 43,2 prósent. Lilja nýtur meira en tvöfalt meiri vinsælda en formaður flokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, sem 27,8 prósent sögðust ánægð með. Sé litið til aðspurðra Framsóknarmanna sögðust allir ánægðir með Lilju, 76,9 prósent með Sigurð Inga. Gott veganesti fyrir formannsframboð.**

**Ná ekki til eigin flokks**

**Þótt fjöldi gildra svara hjá stuðningsfólki hvers flokks fyrir sig sé ekki ýkja mikill gefa tölurnar þremur ráðherrum umfram öðrum tilefni til áhyggja. Þessir þrír ráðherrar hafa ekki ánægðan meirihluta sér að baki. 43,9 prósent Sjálfstæðismanna sögðust þannig ánægð með Kristján Þór Júlíusson en nokkru fleiri, 47,8 prósent, með Sigríði Á. Andersen þótt hún hafi stigið til hliðar. Verstar eru tölurnar þó fyrir Ásmund Einar Daðason sem 34,7 prósent Framsóknarfólks sögðust ánægt með.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Auðlindirnar okkar



Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingarinnar

Umræðan um þriðja orkupakkann er afar ruglingsleg. Svo virðist sem þau sem hafa þar hæst séu í raun alls ekkert að tala um það sem er í pakkanum. Þau draga fram skýra línu þar sem öðrum megin við hana er almenningur og hinum megin eru útlendingar sem vilja komast yfir auðlindir þjóðarinnar. Og svo eru bjargvættir leiddir til sögunnar sem einir geta og vilja vernda þjóðina fyrir gömmunum. En umræðan er líka um raunveruleg áhyggjuefni.

Ég fæ ekki betur séð en að orkupakkinn fjalli helst um neytendavernd, orkuöryggi og virkari samkeppni. Pakkinn mun ekki hafa mikil áhrif hér á landi á meðan orkan okkar er ekki á orkumarkaði ESB. Til þess þyrfti sæstreng sem gæti reyndar flutt rafmagn til okkar ef við værum í neyð. Og þeir sem allra síst vilja aukna samkeppni í sölu rafmagns eru eigendur stóriðjunnar sem kaupir 70-80% alls rafmagns hér á landi. Þeir eru nú í lykilstöðu við samningaborðið um rafmagnsverðið enda engir aðrir kaupendur því enginn er sæstrengurinn.

Sæstrengur er ekki í sjónmáli og ekki er heldur verið að leggja drög að lagningu hans eftir að Bretar tóku ákvörðun um Brexit. Kannski kemur hann aldrei. Samt er ljóst af umræðunni um orkupakkann að margir eru uggandi og vilja tryggari umgjörð um auðlindir þjóðarinnar. Og það viljum við í Samfylkingunni líka.

Lausnin er auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Ákvæði þar sem árréttað er að enginn geti fengið auðlindirnar eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei megi selja þær eða veðsetja.

Í kosningunum um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá í mars 2012 fékk spurningin „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar í þjóðareign“ mikinn stuðning kjósenda.

Ef ruglingslega umræðan um orkupakkann leiðir til þess að við fáum auðlindaákvæði í stjórnarskrá, þá væri hún sannarlega til einhvers.

**Lausnin er auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Ákvæði þar sem árréttað er að enginn geti fengið auðlindirnar eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei megi selja þær eða veðsetja.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sigurvegarar og lúserar

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Í minningargreinum er örugglega sjaldgæft að fólki sé hrósað sérstaklega fyrir suma af þeim eiginleikum sem þó virðast hafðir í miklum hávegum í samfélagi nútímans.

„Afi var sannur sigurvegari í lífinu og lét ekki bjóða sér neina vitleysu. Hann sendi vínflöskur miskunnarlaust til baka af veitingastöðum þegar þær uppfylltu ekki gæðakröfur hans og það var regla frekar en undantekning að hann léti skipta að minnsta kosti tvisvar um hótelherbergi þegar hann ferðaðist. Hann var mjög veraldarvanur og lét þjónustufólk fá það óþvegið ef honum mislíkaði hvernig komið var fram við hann. Okkur barnabörnunum er sérlega minnistætt þegar hann kallaði þernuna sem hafði nýlokið við að „þrífa“ hótelherbergið okkar í New York aftur inn til okkar og klíndi svo með tilþrifum á nefið á henni rykskán sem hann hafði strokið ofan af myndaramma og sagðist mundu sjá til þess að hún yrði rekin ef hún tæki sig ekki saman í andlitinu. Seinna útskýrði hann fyrir okkur að hann hafi í raun verið að gera henni greiða því hún myndi læra af þessu dýrmæta lexíu um leið og hún hætti að grenja. Þetta fannst okkur fallega gert af honum. Hann átti aldrei neitt inni hjá neinum, lét aldrei plata sig, sýndi óvinum sínum enga miskunn og þótt hann væri forríkur eyddi hann hvorki tíma né peningum í að styðja einhverja aumingja—hvorki hér innanlands eða í útlöndum. Hans verður sárt saknað.“

**Gildin í daglega lífinu**

Það kann að vera að ég hafi ekki lesið nógu mikið af minningargreinum, en af því sem ég hef lesið þá virðist það vera ákveðið meginstef að lýsa frekar mýkri hliðum fólks, góðmennsku, elskulegheitum og hlýju heldur en veraldlegum sigrum, efnahagslegu bolmagni og kaupgetu. Uppskáldaða dæmið hér að ofan líkist engu af því sem ég hef séð hingað til.

Þetta er í raun mjög skrýtið ef við lítum til þess hvers lags skilaboð eru almennt ríkjandi í dægurmenningunni. Þar er hið æðsta gildi sem hægt er að stefna að einmitt það að vera sigurvegari í lífinu—„winner“. En alls ekki undirtylla eða gólfmotta sem aðrir troða á, semsagt að vera „lúser“.

Þessi tvískipting er líklega einna helst áberandi í bandarískri menningu, þar sem dýrkun á sigurvegurum er allsráðandi á öllum stigum samfélagsins. Sigurvegari er sá sem lætur engan eiga neitt inni hjá sér, lætur ekki plata sig, er alfaðirið í hjörðinni, biður engan afsökunar á sjálfum sér og keppist við að skilja eftir sig sem allra stærst og karlmannlegast kolefnisfótspor til marks um sigurgöngu sína í þessu jarðlífi.

**Ekki vera „lúser“**

Þessi aðgreining á milli „sigurvegara“ og „lúsera“ endurspeglast ekki bara í bandarískri dægurmenningu heldur er hún hluti af allri pólitískri umræðu. Það að vera sigurvegari er mikilvægara en nokkur annar eiginleiki. „Looks like a winner“ eru einhver bestu meðmæli sem hægt er að gefa nokkrum manni þegar kemur að því að velja menn til forystu í bandarísku þjóðlífi—hvort sem það er í hernum, innan stórfyrirtækja eða í stjórnmálum.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta, eins og flest annað, fyrst og fremst um peninga og ytri fegurð. Þeir sem eiga nóg af peningum og lifa í vellystingum sýna þar með hina einu raunverulegu birtingarmynd velgengni sem einhver virðing er borin fyrir í bandarískri dægurmenningu.

„Hver sá sem sagði að peningar gætu ekki leyst vandamálin hlýtur að hafa ekki átt nóg af peningum til að leysa þau,“ syngur söngkonan Ariana Grande í laginu „7 Rings“ sem var á toppi vinsældalista um heim allan í upphafi ársins. Í laginu notast Grande við lagið „Döggin á rósum“ (My Favourite Things) úr Söngvaseið—en snýr boðskap lagsins algjörlega á haus.

Eins og flestir þekkja snýst hinn upphaflegi boðskapur textans um að fagna fegurð einfaldleikans—allt sem sungið er um er ódýrt eða ókeypis samanber „fjúkið úr snjónum á augnlokum mínum,“ eins og segir í meistaralegri þýðingu Flosa Ólafssonar.

Lagið hennar Aríönu Grande er hins vegar lofsöngur um kampavínsdrykkju, skartgripi, innkaupafyllerí og óhefta kaupgetu með svarta kortinu frá American Express. „Ég sé það, mér líkar það, ég vil það, ég kaupi það,“ segir viðlagið.

**Neysludýrkun sigurvegarans**

Þessi kinnroðalausa og klámfengna neysludýrkun er tiltölulega ný af nálinni í dægurmenningunni. Sambærileg umfjöllunarefni og í lagi Aríönnu Grande eru nú til dags ríkjandi í vinsælli dægurtónlist—en hefðu verið óhugsandi fyrir örfáum áratugum hjá tónlistarfólki sem tók sig alvarlega.

Og það er auðvitað ekki við tiltekna listamenn að sakast, þetta er einfaldlega birtingarmynd á þeim gildum sem virðast ráðandi á yfirborðinu. Það skiptir meira máli að vera „flottur“ heldur en góður—að sigra er gildi í sjálfu sér óháð því hvernig sá sigur er fenginn eða með hvaða ráðum hann er keyptur. Það er álitið betra að vera svindlari heldur en „lúser“.

Þetta kann að skýra að einhverju leyti af hverju Donald Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna. Hann hefur yfir sér áru sigurvegarans (enda er sú ára þaulhugsuð og æfð í hans tilviki). Trump svífst einskis til að sigra en í staðinn fyrir að vera vantreyst fyrir þær sakir er hann upphafinn og dýrkaður. Það hvort hann er „góður maður“ í hefðbundnum hversdagslegum skilningi þess hugtaks virðist engu máli skipta. Það sem skiptir máli er að hann er „sigurvegari“.

**Sigursælt samfélag**

Þótt veraldleg velgengni geti verið eftirsóknarverð og borið vitni um dugnað og metnað—þá segir hún oftast sáralitla sögu í heildarsamhenginu um hversu góðu lífi fólk lifir. Það er gott samfélag þar sem borin er virðing fyrir fólki á grundvelli þess hvort það lætur gott af sér leiða, sinnir verkefnum sínum af metnaði, kemur fram við meðborgara sína af alúð og stuðlar almennt að vellíðan í kringum sig.

Þegar við minnumst góðs fólks og lærum af því þá er það sjaldnast á grundvelli þess hvort það flokkaðist sem „sigurvegari“ eða „lúser“—heldur einmitt á grundvelli þess hvort fólkið var hlýlegt, gott og heiðarlegt; og líka hvort það náði að upplifa fegurðina í einfaldleikanum. Það skiptir meira máli og er svo miklu varanlegra heldur en kaupgetan, kampavínsdrykkjan og skartgripirnir.


# Birting lýsingar RARIK150538

**Útgefandi:** RARIK ohf. , kennitala 520269-2669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík

RARIK ohf. hefur birt lýsingu, dagsetta 24. apríl 2019. Lýsingin er birt í tengslum við umsókn útgefanda um að skuldabréf í framangreindum flokki verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Lýsingin er gefin út rafrænt á íslensku. Hún er birt á vefsíðu RARIK á slóðinni rarik.is/um-rarik/fjarmal og verður aðgengileg þar í tólf mánuði frá staðfestingu hennar.

**Taka til viðskipta**

Útgefandi hyggst sækja um töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Verði umsóknin samþykkt mun verða tilkynnt um fyrsta viðskiptadag með skuldabréfin með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

**Nafnverð útgáfu**

Gefin hafa verið út og seld skuldabréf að nafnvirði kr. 4.740.000.000 en heimil heildarstærð flokksins er að nafnvirði kr. 10.000.000.000. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð í 20.000.000 kr. einingum. Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland hf. verður RARIK150538. ISIN númer bréfanna er IS0000030047.

**Reykjavík, 26. apríl 2019**
**Stjórn RARIK ohf.**

RARIK

Tilboð gilda út 28. apríl



## Súrdeigsbrauð
- með spíruðum rúg
- með kúmen
- hefðbundið

BAKARÍIÐ




**Toppaðu brauðið með Ítalía 3ja lita pestói**

**489** kr/stk

**Steinbakað súrdeigsbrauð er bakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur. Súrdeigsbrauðin okkar eru gæðavara og innihalda ekkert ger**

**799** kr/stk




**Prima Donna**
**Hollenskur gæða ostur**

verð frá **469** kr/pk




**Cedars hummus er gómsætur og bráðhollur**

verð frá **399** kr/pk




**Boadas Serrano**
**spænskar hráskinkur og pylsur**

verð frá **279** kr/pk




**NÝJUNG**

**Green cola**
**Án sykurs, aspartam og rotvarnarefna. 100% bragð**

**159** kr/stk




**LOKSINS KOMNAR AFTUR**

**Rufus Teague BBQ sósur gera góðan grillmat betri**

verð frá **899** kr/stk




**NÝJUNG**

**Lakkrís kropp**

**579** kr/pk

# *Meira* svona *alla daga*



15% afsláttur







Fyrir sælkera borgara
Stokes Relish

**649** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

**Smash Style**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
| --- | --- | --- | --- |
| **450** kr/pk | **509** kr/pk | **594** kr/pk | **1.104** kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 1.299 |

Hagkaups spicy majo

**349** kr/stk



Nautalundir, frosnar

**3.999** kr/kg

20% afsláttur




Kjúklingaskankar

**1.279** kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg

15% afsláttur




Kjúklingabringur

**2.124** kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi Max-deild karla 2019

**PEPSI MAX DEILDIN 2019**

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. KA |
| 2. FH | 8. Fylkir |
| 3. KR | 9. Víkingur |
| 4. Breiðablik | 10. ÍBV |
| 5. Stjarnan | 11. Grindavík |
| 6. ÍA | 12. HK |

### FH
**hafnar í 2. sæti**

Fréttablaðið spáir því að FH hífi sig upp um þrjú sæti frá síðasta sumri og endi í öðru sæti eftir titilbaráttu við Val. FH er að leika sitt annað keppnistímabil undir stjórn Ólafs Helga Kristjánssonar og hefur styrkt liðið verulega frá því síðasta haust. Munar þar mest um Björn Daníel Sverrisson sem reyndist FH-ingum einkar drjúgur þegar hann lék hér á sínum tíma.

### Álitsgjafinn segir
**Kristján Guðmundsson**

FH hefur bætt við sig sterkum leikmönnum frá því að síðustu leiktíð lauk og mynd var komin á leikmannahópinn mun fyrr en fyrir síðasta tímabil. Þá tel ég að liðið hafi þurft tíma til þess að aðlagast þeim leikstíl sem Ólafur Helgi Kristjánsson vill spila og leikmenn þekki hann betur og hann sömuleiðis þá. FH-ingar bættu við sig fleiri heimamönnum sem vita upp á hár hvers krafist er af þeim sem spila í Kaplakrika. Sá kúltúr sem einkennt hefur liðið síðustu tvo áratugi er kominn til baka og það veit á gott. FH mun veita Val og KR harða keppni um Íslandsmeistaratitilinn.

### Tölfræði sem skiptir máli

**19** FH skoraði 19 mörk í sex leikjum sínum í Lengjunni.

**17** FH mun ekki leika í Evrópukeppni í sumar í fyrsta skipti í 17 ár.

### Nýju andlitin
Björn Daníel Sverrisson frá AGF
Brynjar Guðmundss. frá Grindavík
Guðmann Þórisson frá KA

### Fylgstu með þessum
Jónatan Ingi Jónsson er að leika annað keppnistímabilið í röð eftir heimkomuna frá Hollandi. Hann sýndi nokkrum sinnum fína frammistöðu í fyrrasumar og vonandi nær hann að stíga skref fram á við á ferli sínum á komandi tímabili.

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2018** 5. SÆTI | **2017** 3. SÆTI | **2016** 1. SÆTI | **2015** 1. SÆTI | **2014** 2. SÆTI | **2013** 2. SÆTI

# Tek fjölmargt jákvætt frá Hollandi

**Knattspyrnukonan Berglind Björg Þorvaldsdóttir hefur leikið með PSV í þrjá mánuði en liðið er í toppbaráttu hollensku úrvalsdeildarinnar. Hún er á leið heim um helgina í titlavörn með Breiðabliki.**

**FÓTBOLTI** Berglind Björg Þorvaldsdóttir, landsliðsframherji í knattspyrnu, leikur í dag sinn síðasta leik í bili hið minnsta fyrir hollenska liðið PSV Eindhoven þegar liðið mætir Twente í toppslag hollensku úrvalsdeildarinnar. Berglind Björg gekk í raðir PSV ásamt samherja sínum hjá landsliðinu, Önnu Björk Kristjánsdóttur, í byrjun febrúar en Berglind kom á láni frá Breiðabliki.

Berglind fékk draumabyrjun í sínum fyrsta leik en hún opnaði þar markareikning fyrir félagið en það er eina markið sem hún hefur skorað fyrir liðið. Hún hefur einungis leikið sex leiki á þeim þremur mánuðum sem hún hefur verið í herbúðum PSV.

Þrátt fyrir það lítur hún jákvæðum augum á veru sína í Eindhoven og telur sig hafa bætt sig á þeim tíma sem hún hefur verið þar.

Hún er spennt fyrir komandi tímum með Breiðabliki en hún kemur heim á morgun og verður klár í slaginn þegar Blikar leika við ÍBV í fyrstu umferð Pepsi Max-deildarinnar á föstudaginn eftir slétta viku.

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími og lærdómsríkur fyrir mig. Það er bæði gaman og þroskandi að stíga út fyrir þægindarammann og prufa eitthvað nýtt. Æfingarnar hér eru í háum gæðaflokki og ég tel mig hafa bætt mig og kem í mjög góðu líkamlegu formi inn í deildina heima,“ segir Berglind Björg um tíma sinn í Hollandi.

„Ég byrjaði mjög vel og skoraði í mínum fyrsta leik og spilaði svolítið eftir það. Svo fór mínútum að fækka eftir að ég fór í landsliðsverkefnið um mánaðamótin febrúar-mars. Ég kom náttúrulega á miðju tímabili og á tíma þar sem liðinu hafði gengið vel. Þess vegna skil ég það vel að ég hafi ekki fengið fleiri tækifæri þótt ég hefði vissulega viljað spila meira,“ segir framherjinn um spiltíma sinn.

„Deildin hérna er mjög misskipt þar sem þrjú efstu liðin eru í háum gæðaflokki en liðin þar fyrir neðan eru töluvert slakari. Toppslagirnir eru betri leikir en í deildinni heima en liðin þar fyrir neðan í svipuðum klassa og einhver slakari en liðin í Pepsi Max-deildinni,“ segir hún um hollensku úrvalsdeildina.

„Það væri frábært að kveðja með því að spila og leggja mitt af mörkum í lokaleiknum. Ég hlakka svo mjög til þess að koma aftur heim og byrja að spila með Blikum á nýjan leik. Það stefnir í spennandi toppbaráttu í sumar og að deildin verði sterkari en í fyrra. Ég er mjög spennt og vildi frekar ná fyrsta leiknum með Breiðabliki en leiknum í lokaumferðinni með PSV,“ segir Berglind um framhaldið.

„Forráðamenn PSV hafa rætt við mig um hvað ég ætli að gera næsta haust en ég ætla bara að bíða og sjá til. Ég veit að það verða þó nokkrar breytingar á leikmannahópnum eftir tímabilið. Ég gæti vel hugsað mér að fara aftur utan á lán eftir að leiktíðinni lýkur hér heima næsta haust. Þá myndi ég hins vegar vilja vera í stærra hlutverki og spila meira,“ segir hún enn fremur um möguleikann á því að hún leiki aftur með PSV. **hjorvaro@frettabladid.is**



**Berglind Björg Þorvaldsdóttir í leik með PSV.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Þetta hefur verið skemmtilegur tími og lærdómsríkur fyrir mig.**
> Berglind Björg Þorvaldsdóttir

SKRIFBORÐSSTÓLAR



Syrusson skrifstofuvörur
Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is



# Fólk
Lífsstíll

**FÖSTUDAGUR** 26. APRÍL 2019



# Gleðilegt sumar hjá Bóel

Það er loksins komið sumar! Af því tilefni býður verslunin Bóel á Skólavörðustíg 22 upp á 2 fyrir 1 af glæsilegum sumarbuxum og frísklegum bolum sígildra hönnuða dagana 26. apríl til 3. maí.

➜2

**Söngkonan Hildur Vala er unnandi Bóel. Hér er hún í buxum frá Rundholz og toppi frá japanska hönnuðinum Moyuru.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Léttu lifrinni lífið!




FRODE



SVEFNSÓFAR



*Svefnsófi með þykkri og vandaðri springdýnu*
*Rúmfatageymsla*
*Svefnflötur 140x200 cm*
*kr. 159.900 án arma*
*kr. 189.900 með örmum*

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16




Hver einasta flík Carstens Rundholz er listaverk og í Bóel koma Kaliforníubúar gagngert til að kaupa hönnun Rundholz á betra verði en gengur og gerist vestra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er sannkallaður sumarfílingur í Bóel þessa dagana, enda er búðin troðfull af glænýjum fatnaði frá RUNDHOLZ, MOYURU og YAYA, dásamlegum sumarskóm frá LOFINA og RUNDHOLZ, og ítölskum handtöskum frá MANDARINA DUCK,“ upplýsir Þuríður Ottesen, eigandi verslunarinnar Bóel sem var opnuð á Skólavörðustíg 22 þegar haustaði að í fyrra.

„Viðtökurnar hafa verið framúrskarandi. Kjarninn í vöruúrvali verslunarinnar er tímalaus, töff og sígild hönnun, og fastagestirnir eru margir og kærir. Þar má nefna söngkonuna Hildi Völu Einarsdóttur sem er ein af unnendum Bóel og varð góðfúslega við beiðni okkar um að sitja fyrir á fáeinum myndum af sumartískunni,“ segir Þuríður.

### Sérpöntun fyrir Högna

Flaggskip Bóel er fatnaður frá þýska listamanninum og hönnuðinum Carsten Rundholz.

„Hönnun RUNDHOLZ er orðin heimsþekkt og líta má á hverja flík RUNDHOLZ sem listaverk. Það er gaman þegar Kaliforníubúar koma inn í búðina, þekkja handbragð og stíl RUNDHOLZ og kaupa sér gjarnan flíkur þar sem þeir gera mun betri kaup hér en í heimalandinu,“ upplýsir Þuríður en vegna plássleysis er ekki enn boðið upp á karlmannafatnað hjá Bóel.

„Hins vegar hannar RUNDHOLZ ómótstæðilegan fatnað á karlmenn og höfum við þegar sérpantað fataplögg frá honum á tónlistarmanninn Högna Egilsson,“ ljóstrar Þuríður upp.



Hildur Vala heillaði þjóðina með brosi sínu. Hér í bol frá Rundholz.



Handgerðir leðurskór frá LOFINA.

> Í Bóel fæst tímalaus, töff og sígild hönnun, en flaggskip Bóel er fatnaður frá þýska listamanninum og hönnuðinum Carsten Rundholz.

### Freistandi sumartilboð

Í tilefni af indælli sumarkomu bjóðast freistandi tilboð í Bóel dagana 26. apríl til 3. maí.

„Það er sannarlega hægt að stimpla sig inn í sumarið hjá Bóel og kaupa sér sígilda hönnun á góðu verði. Við veitum 10 prósent afslátt af öllum vörum út næstu viku og bjóðum 2 fyrir 1 af öllum buxum og bolum, en þá er greitt fyrir dýrari vöruna og ódýrari flíkin fæst á endurgjalds. Þannig er til dæmis hægt að kaupa sér sumarlegar buxur og fá glæsilegan bol í kaupbæti, ef bolurinn reynist ódýrari en buxurnar,“ segir Þuríður í sumarskapi.

Vertu velkomin í Bóel á Skólavörðustíg 22 og fylgstu með Bóel á Facebook.

# Útivist

FÖSTUDAGUR 26. APRÍL 2019




Útvistarverslunin EVEREST er fjölskyldufyrirtæki sem er rekið af hjónunum Signe Viðarsdóttur og Heiðari Inga Ágústssyni ásamt dóttur þeirra og tengdasyni. MYND/ANTON BRINK

## EVEREST býður það besta

Útivistarverslunin EVEREST er fjölskyldufyrirtæki og leggur metnað sinn í að selja það besta sem býðst til útivistar. Þar er landsins mesta úrval af skíðavörum auk hjóla- og skíðaverkstæðis. →2

Framhald af forsíðu ➪

Útivistarverslunin EVEREST var stofnuð árið 1998 og hefur verið í okkar eigu síðan árið 2002. Þetta er fjölskyldufyrirtæki sem er rekið af okkur hjónum, mér og Heiðari Inga Ágústssyni, ásamt dóttur okkar og tengdasyni," segir Signe Viðarsdóttir, eigandi og fjármálastjóri Útiveru ehf., sem rekur útivistarverslunina EVEREST í Skeifunni 6.

„Við erum útivistarverslun með allt fyrir útivistina á einum stað," segir Signe. „Við leggjum áherslu á góða þjónustu og gæðavörur og erum stolt af því að vera flokkuð sem Framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt Creditinfo, en það er til marks um farsælan rekstur fyrirtækisins."



Hér eru Signe og Heiðar í skíðaferð á Tröllaskaga núna um páskana.

## Ástríða fjölskyldunnar

„Við fjölskyldan höfum lagt margar vinnustundir í fyrirtækið okkar og ávallt sinnt því af áhuga og ástríðu. Þegar stórfjölskyldan hittist er vinnan oft aðalumræðuefnið okkar," segir Signe. „Meira að segja kósístundirnar í heita pottinum og skokktúrarnir í Heiðmörkinni eru nýttir vel til að skipuleggja næsta dag eða ákveða hvað skal panta inn af vörum.

Við elskum útivist, en áhugamál okkar, eins og skíðin, hafa orðið að lúta í lægra haldi fyrir skíðavertíðinni í búðinni, sem stendur yfir frá nóvember fram í mars. Það getur verið púsl að finna tíma fyrir útivistina, því vinnan okkar er oft „24/7"," segir Signe. „En verslunarstarfið er afskaplega gefandi vegna alls góða fólksins sem við hittum daglega og góðu vinanna sem við höfum eignast í búðinni í gegnum árin."






Signe og Heiðar í hjólaferð á Ítalíu sumarið 2018.

## Mikill áhugi skapar mikla þekkingu

„EVEREST státar af mesta úrvali landsins af skíðum og skíðabúnaði, en við erum einnig með mjög öflugt skíða- og hjólaverkstæði. Við sjáum um að botninn á skíðunum þínum sé í sem bestu ástandi og gerum við allar tegundir af hjólum," segir Signe. „Við erum mjög stolt af frábæra starfsfólkinu sem vinnur með okkur og í sameiningu leggjum við okkur fram við að veita persónulega og faglega þjónustu.

Við höfum mikinn áhuga á því sem við seljum og allt okkar starfsfólk stundar mikla útivist og skíðamennsku, þannig að þekkingin á okkar vörum er mikil. Það er mjög ánægjulegt og gefandi að fá að aðstoða fólk við val á hentugum skíðabúnaði og ég vanda mig mjög mikið," segir Signe. „Áhuginn er svo mikill af minni hálfu að ég á það til að heilsa fólki uppi í fjalli og spyrja það hvort það sé ekki ánægt með græjurnar og þá man ég oft stærðina og gerðina sem viðkomandi keypti!"

> Við höfum mikinn áhuga á því sem við seljum og allt okkar starfsfólk stundar mikla útivist og skíðamennsku, þannig að þekkingin á okkar vörum er mikil.

## Bestu svig- og gönguskíðin

„EVEREST selur tvö helstu skíðamerkin í dag, HEAD og Fischer. HEAD er leiðandi merki í svigskíðum sem mörg stór nöfn í skíðaheiminum skíða á. Fischer er svo leiðandi í gönguskíðum, en rúmlega 60% af öllum verðlaunum á heimsbikars- og heimsmeistaramótum á gönguskíðum hafa unnist á skíðum frá því merki," segir Signe. „Skíðagönguiðkun Íslendinga hefur aukist ár frá ári og áhuginn á sportinu er gríðarlega mikill, enda er það frábær útivist fyrir alla fjölskylduna. Fischer er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem hefur starfað frá árinu 1924 og hefur í dag yfir 2.000 starfsmenn.

Nýlega fórum við líka að selja HEAD reiðhjól, sem hafa slegið í gegn og við höfum varla undan að setja hjólin saman," segir Signe. „Við seljum líka Stevens hjól, en það eru gæðahjól sem eru hönnuð og framleidd í Þýskalandi."



Signe og Heiðar hafa mikla reynslu af útivist. Hér eru þau í gönguferð hringinn í kringum Mont Blanc.

## Mörg frábær merki í boði

„Við flytjum inn Mammut, sem er eitt stærsta útivistarmerkið í Evrópu. Það er með hágæða útivistarfatnað, gönguskó, bakpoka og svefnpoka. Við höfum haft það merki í 10 ár og það er orðið mjög vel þekkt á Íslandi fyrir gæði," segir Signe. „Mammut hefur líka sett umhverfismálin í forgang, sem er mjög jákvætt. Þeir nota mikið af endurunnum dún og vilja skilja sem minnst spor eftir sig í náttúrunni.

Við erum líka stolt af Gregory merkinu, sem sérhæfir sig í bakpokum," segir Signe. „Gregory bakpokarnir hafa fengið fjölmörg verðlaun fyrir góða hönnun og eru með besta burðarkerfið. Við höfum boðið upp á þessa poka í um átta ár.

Í sumar ætlum við svo að selja Íslendingum fullt af Vango tjöldum," segir Signe. „Vango tjöldin þarf ekki að kynna, það þekkja allir Vango! Það nýjasta hjá Vango eru Airbeam fjölskyldutjöldin, sem eru með uppblásnum súlum og tekur styttri tíma að tjalda. Við bjóðum líka upp á sænsku hágæða göngutjöldin frá Hilleberg, sem henta einstaklega vel íslenskri veðráttu.

EVEREST ætlar að halda áfram að leggja metnað sinn í að bjóða það allra besta og flottasta fyrir útivistina og við bjóðum alla hjartanlega velkomna!" segir Signe að lokum.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# Heill heimur fyrir útivistina

**Icewear Magasín á Laugavegi 91 er glæsileg merkjavöruverslun sem hefur allt sem viðkemur góðri útivist. Aðalsmerki Icewear er „Þín útivist – Þín vellíðan“ og er lögð áhersla á fjölbreytileika og góð verð.**



Hjá Icewear er lögð áhersla á að útivistarfólk geti farið vel klætt ferða sinna í hágæða flíkum án þess að þær kosti of mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í útivistarfatnaði frá Icewear líður fólki eins og það komist lengra í útivistinni. Mikilvægast er að fólk sé í viðeigandi klæðnaði eftir mismunandi aðstæðum þegar haldið er af stað, eftir veðri og íslenskum aðstæðum, og að það sé reiðubúið fyrir hvaða áskorun sem er, hvort sem það er að labba í skólann eða njóta viðameiri útivistar í náttúrunni,“ segir Erla Björk Baldursdóttir, yfirhönnuður Icewear.

Hún segir fatnað Icewear hugsaðan með göngur í huga en þó sé hann hannaður þannig að flíkurnar nýtist sem mest og við sem flest tilefni, bæði hvunndags og í fjölbreytta útivist.

„Takmark okkar er að skapa hágæða útivistarfatnað á hagstæðu verði. Við viljum að allir geti verið vel klæddir í útivistinni, hvort sem þeir ætla sér í létta göngu á Úlfarsfell, strembnara klif upp Esjuna eða á sjálfan Hvannadalshnjúk, og án þess að þurfa að taka lán fyrir því,“ segir Erla Björk.

## Mikið úrval fyrir allar aðstæður

Hjá Icewear fæst heillandi úrval af góðum útivistarfatnaði fyrir allan aldur.

„Við byggjum alla okkar útivistarlínu á breiðu úrvali og svörum þörfum þeirra sem vilja klæðast dugandi útivistarfatnaði sem mætir íslensku regni, veðri og vindum,“ upplýsir Erla Björk.

„Við erum með allt frá tveggja og þriggja laga regnfatnaði yfir í hlýjar peysur og ullarundirföt. Barnalínan fer sífellt stækkandi og í henni má finna allt sem klæðir barnið vel eftir aðstæðum; létt, þægileg og hlý útivistarföt fyrir allar árstíðir,“ segir Erla Björk en allur útivistarfatnaður Icewear tekur mið af íslenskum aðstæðum.

„Hér á landi er til dæmis kaldara og blautara ef við berum það saman við aðstæður til útivistar í Evrópu og Bandaríkjunum. Þær kröfur sem íslenskur útivistarfatnaður þarf að uppfylla eru því að hann haldi vatni, vindi og kulda, og þess vegna eru flíkur Icewear bæði hlýjar, vind- og vatnsheldar.“

## Hybrid-jakkarnir vinsælir

Uppáhalds Icewear-flík Erlu Bjarkar eru nýju hybrid-jakkarnir Kría og Kjalar.

„Þá er hægt að nota sem létta jakka í útivistina á sumrin og á veturna í skokkið, gönguskíðin eða fjallgönguna. Jakkarnir eru með vatnsfráhrindandi ermum og fóðraðir yfir búkinn með endurunninni Thermore® Ecodown® fyllingu,“ útskýrir Erla Björk sem með hönnunarteymi Icewear sér um að teikna heildarlínur Icewear, hanna munstur, velja liti, og sjá um mál og mátanir til að fá ómótstæðilega útkomu á framúrskarandi íslenskri hönnun.

„Mér að yrkisefni í hönnun útivistarfatnaðar er eigin reynsla og annarra í útivist. Ég nýt fjölbreyttrar útivistar og hef fundið hvaða eiginleika útivistarflíkur þarfnast til að duga manni vel alla leið. Því er gott að vera búinn að upplifa á eigin skinni hvað mætir manni í roki og rigningu á fjalli; það er hinn bókstaflegi innblástur,“ segir Erla Björk sem nýtir ferðir sínar í náttúrunni einnig til að taka ljósmyndir af töfrandi mynstrum og litadýrð íslenskrar náttúru.

„Það er einstakt að geta farið út með myndavélina, komið inn á hönnunarstofuna að vinna úr efniviðnum og skjótast svo aftur út til að rannsaka betur haustliti á lyngi eða dúnmjúkan mosa á steini,“ segir Erla Björk sem skreytir sumarlínu Icewear með björtum og hreinum litum.

„Gulur þykir mér vera mest spennandi núna og ég verð þess áskynja að fólk er yfir sig hrifið af gulum flíkum Icewear, sérstaklega í regnfatnaði og úlpum. Ætli það komi ekki með vorinu og bjartsýni sumarsins, en það er líka öryggisatriði í útivist að vera litaglaður og sjást vel í grárri urð og bláma fjalla. Ég held líka að þeim sem eru dökkklæddir dags daglega þyki gaman að vera jafn litríkir og náttúran þegar þangað er komið.“



Hybrid-jakkinn Kría er með vatnsfráhrindandi ermum og fóðruðum búk.



Útivistarflíkur Icewear henta við allar aðstæður, hversdags og í náttúrunni.




Erla Björk Baldursdóttir, yfirhönnuður Icewear, við Icewear Magasín.

## Iðandi líf á Laugaveginum

Í Icewear Magasín á Laugavegi 91 er jafnan iðandi mannlíf í glæsilegri útivistarverslun á þremur hæðum.

„Við kunnum rosalega vel við okkur á Laugaveginum og stærðin á þessu flotta verslunarhúsi gefur okkur kost á að bjóða upp á mikið úrval og allt fyrir útivistina, jafnt fatnað, skó og allan búnað sem til þarf, á góðu verði,“ segir Erla Björk á líflegum Laugaveginum.

„Það er ánægjuleg upplifun að kíkja inn í Magasínið. Við finnum glöggt að vegfarendur kunna vel að meta að geta gengið að útivistarverslun í miðbænum og geta bjargað sér með fatnað, fylgihluti og búnað, áður en það fer í ferðir. Icewear Magasín á sér heldur engan sinn líka og innandyra leynist heill heimur fyrir útivistarfólk og allt fyrir útivistina á einum stað,“ segir Erla Björg og hjá Icewear ríkir hamingja með Laugaveginn sem senn verður að göngugötu.

„Við fáum jafnt Íslendinga sem útlendinga til okkar í búðina, enda er fátt eins skemmtilegt og labba Laugaveginn, bara ef maður er rétt klæddur. Icewear hefur vaxið hratt undanfarin ár og Íslendingar eru einkar hrifnir af Icewear-göngubuxum, leggings, dúnjökkum, dúnvestum og kápum, regnfötum og aukahlutum. Fólki líkar vel að fá flottar og traustar útivistarvörur á góðu verði og við erum sannarlega samkeppnishæf við erlend útivistarmerki enda leggjum við mikla vinnu í að ná fram réttum verðum og miklum gæðum. Þess vegna er Icewear góður valkostur fyrir útivistarfólk sem vill alla leið upp á topp og heim aftur með bros á vör.“

Vertu velkomin í Icewear Magasín á Laugavegi 91. Vefverslun á icewear.is.

# Gaman að vera úti í íslenskri náttúru

Í Slysavarnafélaginu Landsbjörg eru starfandi 54 unglingadeildir um land allt. Þær eru fyrir alla unglinga á aldrinum 13 til 18 ára en í þeim er björgunarsveitafólk framtíðarinnar þjálfað.



Kristján Hrafn Arason fékk björgunarsveitabakteríuna þegar hann fékk smjörþefinn í útivist og ferðum með föður sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég hef alltaf haft áhuga á útivist og ferðalögum og er heillaður af björgunarsveitarstörfum," segir Kristján Hrafn Arason, nemandi í 10. bekk við Varmárskóla og liðsmaður í unglingasveit Landsbjargar, Kyndli í Mosfellsbæ.

„Pabbi minn, Ari Oddsson, hefur lengi verið í björgunarsveit og því hef ég verið viðloðandi björgunarsveitarstörf frá því ég var smástrákur. Pabbi tók mig með í ferðir björgunarsveitarinnar og allt sem því fylgdi fannst mér ákaflega spennandi," segir Kristján sem gekk til liðs við unglingasveit Landsbjargar þegar hann var í áttunda bekk.

„Það er ekki verra að hafa brennandi áhuga á útivist en alls ekki nauðsynlegt til að njóta þess að vera í unglingadeildinni. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og mikið um dagsferðir og helgarferðir út í náttúruna. Við heimsækjum líka aðrar unglingasveitir til að styrkja vinaböndin og mikil áhersla er lögð á hópefli, þar sem samvinna og samheldni innan hópanna er efld. Unglingarnir koma úr ólíkum áttum og verða fljótt góðir vinir enda allir með svipuð áhugamál," upplýsir Kristján, en þess má geta að unglingasveitirnar heimsækja einnig viðbragðsaðila eins og lögreglu, slökkvilið og Neyðarlínuna.

## Ævintýralegir leiðangrar

Í sumar verður haldið landsmót unglingasveita Landsbjargar á Siglufirði og hlakkar Kristján mikið til.

„Þar er keppt í alls konar greinum og leystar þrautir eins og að binda hnúta og kassaklifur. Mér þykja ferðalög með björgunarsveitinni skemmtilegust og árlega eru haldin miðnæturmót í Vatnaskógi þar sem velflestar unglingasveitir landsins sameinast, keppa í margs konar þrautum og safna stigum. Á kvöldin eru svo kvöldvökur með dansi, söng og leikjum, og á veturna förum við í skíðaferðir. Inn á milli eru svo aðrar ferðir, eins og vorferð á Hellisheiði þar sem við gistum í tvær nætur í tjaldi og skála. Allt eru þetta ævintýralegir leiðangrar sem reyna á kunnáttu okkar og þjálfun í útivist," upplýsir Kristján.

„Unglingasveitir Landsbjargar taka líka þátt í stórslysaæfingum, eins og nýlega þegar við tókum að okkur hlutverk sjúkra og slasaðra í æfingu á rútuslysi á Reykjanesbrautinni. Þá var strætisvagni hvolft, kveikt var í honum og brotnar rúður, til að gera allt sem raunverulegast. Við unglingarnir vorum málaðir til að líta út fyrir að vera stórslasaðir, en allt er það gert til að björgunarsveitarmenn venjist því að vinna í aðstæðum þar sem fólk er slasað; ekki bara til að bjarga því heldur líka til að geta tekist á við það andlega og fá ekki jafn mikið sjokk," útskýrir Kristján.

## Gott að kunna á áttavita

Kristján þekkir landið sitt vel og hefur komið á flesta staði, jafnt á láglendi sem og hálendi.

„Uppáhaldsstaðirnir mínir eru Þórsmörk og Landmannalaugar. Mér þykja fjallgöngur skemmtilegasta útivistin en líka að fara á vélsleða eða fjórhjóli upp á jökla. Hálendið og jöklarnir eru annar og hættulegri heimur, og því er mikilvægt að láta sína nánustu vita hvert maður ætlar og hvenær maður áætlar að koma aftur heim. Þá veit einhver af þér og hvar þú ert ef maður fellur ofan í jökulsprungu," segir Kristján sem hefur lært mikið um útivist og björgunarstörf í unglingasveit Landsbjargar.

„Númer eitt er að vera alltaf vel útbúinn og taka frekar aðeins meira með sér en minna, en þó ekki of þungt. Fatnaður og vistir fara eftir aðstæðum hverju sinni og hvert leiðin liggur. Sjálfur er ég alltaf með góða skó og auka vatnsheldan fatnað því maður veit aldrei hvernig viðrar á Íslandi. Ætli maður í fjallgöngu þar sem er snjór er mikilvægt að vera með snjóflóðaýli því ef maður lendir í snjóflóði minnka lífslíkur um 90 prósent eftir aðeins korter. Líka að hafa gps-tæki og áttavita alltaf meðferðis. Gps-tækið getur orðið batteríslaust en það verður áttavitinn aldrei. Það er því gott að kunna á áttavita og það er alls ekki flókið að læra á hann."

## Heilsueflandi útivist og fjör

Þjálfun unglingadeilda Landsbjargar felst í kynningu og kennslu ýmissa þátta björgunarstarfsins, þar á meðal ferðamennsku, rötun, kortalestri, fjallamennsku, sigi, fyrstu hjálp, leitartækni og fleiru.

„Mér fannst strax gaman á æfingum unglingasveitarinnar. Í Kyndli eru svo nokkrir hópar innan björgunarsveitarinnar, eins og vélsleðahópur, bílahópur, fjallahópur, gönguhópur, stjórnunarhópur og sjúkrahópur. Unglingadeildin er undirbúningur fyrir björgunarsveitirnar og þegar þegar maður verður átján ára getur maður valið sér hópa og skráð sig á útkallslista hafi maður lokið tilskildum námskeiðum," segir Kristján sem er vanur að fóta sig á jöklum og ferðast þar um í jeppum, en líka klífa fjöll og ganga um íslenska náttúru.

„Ég mæli hiklaust með björgunarsveitinni fyrir alla unglinga. Það er gaman að kynnast nýjum vinum og skoða fallega náttúru landsins, kunna að umgangast landið og ferðast af öryggi. Þar opnast nýr heimur, maður fær ferskt loft og heilsueflandi hreyfingu sem fyllir mann vellíðan og góðri þreytu."

Áhugasamir unglingar geta mætt á fundi unglingasveita Landsbjargar og prófað nokkra tíma áður en þeir taka ákvörðun um að skrá sig í sveitina. Sjá nánar á landsbjorg.is.



# Líkamsrækt og hlaup









**NUTRILENK GOLD hefur hjálpað Íslendingum sem þjáðst hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Ekkert lát er á vinsældum þessa liðbætiefnis og stöðugt fjölgar í hópnum sem öðlast nýtt líf.**

Nutrilenk liðbætiefnin eru Íslendingum góðkunn. Gold, Active og Gel eiga það öll sameiginlegt að þau hjálpa til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum. Nutrilenk Active smyr stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Nutrilenk Gel er kælandi og bólgueyðandi og hentar bæði á auma liði og vöðva. Nutrilenk Gold er þekktasta efnið en það er einnig mest selda liðbætiefnið á Íslandi. Það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss.



Jóhann Gunnarsson byrjaði að taka Nutrilenk Gold fyrir u.þ.b. ári og hefur líf hans og líðan gjörbreyst í kjölfarið.




## Get hlaupið og gengið fjöll

Jóhann Gunnarsson byrjaði að taka Nutrilenk Gold fyrir u.þ.b. ári og hefur líf hans og líðan gjörbreyst í kjölfarið:

„Ég sleit krossband fyrir mörgum árum og hef farið í nokkrar liðþófaaðgerðir. Þegar ég byrjaði að hlaupa fyrir alvöru fyrir ca. sex árum var ég alltaf með verki í hnjánum og svo fór að þeir urðu óbærilegir þannig að ég gat nánast ekki stigið í fótinn. Ég tók mér pásu og byrjaði aftur en alltaf komu verkirnir aftur. Á endanum gat ég ekki stigið í fótinn nema að finna fyrir verkjum og oft vaknaði ég á nóttunni með verki. Fyrir u.þ.b. tveimur árum byrjaði ég að taka Nutrilenk Gold að staðaldri og smám saman gat ég farið að ganga eðlilega og hlaupa aftur. Núna get ég gengið og hlaupið verkjalaus og finn ekkert fyrir verkjum eftir mikil átök og kemst auðveldlega af stað aftur. Sl. sumar kláraði ég hálft maraþon og fjallahlaup án verkja og þetta þakka ég Nutrilenk“.

## Fann ótrúlega fljótt mun

Erna Geirlaug Árnadóttir er 42 ára innanhússarkitekt sem hreyfir sig mjög mikið. Hún hreyfir sig alla daga og tekur vel á í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.

„Ég er búin að æfa mikið síðustu ár; hlaup, stöðvaþjálfun, tabata o.fl. og varð alltaf þreytt og aum í liðum og beinum eftir æfingar. Mér var bent á að prófa Nutrilenk Gold og byrjaði ég á að taka 6 töflur á dag í nokkrar vikur. Ég fann ótrúlega fljótt mun til hins betra svo ég ákvað að prófa að taka líka 1 töflu af Nutrilenk Active því ég var enn með verki og eymsl í höndum. Active virkar eins og smurning fyrir liðina en ég fann mikinn mun á mér og eru



**Erna Geirlaug Árnadóttir hreyfir sig alla daga og tekur Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active sem hún segir að virki sem smurning fyrir liðina.**

verkirnir nú horfnir. Í dag tek ég 4 Gold og 1 Active daglega. Ekki má gleyma Nutrilenk gelinu sem ég nota á axlir og hné en það kælir og dregur úr bólgum. Ég get því hiklaust mælt með öllum Nutrilenk vörunum, án þeirra gæti ég ekki hreyft mig eins mikið og ég geri í dag, verkjalaus.“

## Mest selda liðbætiefnið á Íslandi

Ekkert liðbætiefni hefur selst eins vel á Íslandi og Nutrilenk Gold og fjöldinn allur af fólki hefur getað notið þess að hreyfa sig verkjalaust svo árum skiptir. Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold eru kondrótín, kollagen og kalk en það er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af þessum efnum. Til þess að gera þessi innihaldsefni virk, þá eru liðbætiefnið meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest hentar fólki á öllum aldri.


natures aid

LÍFRÆNT OFURFÆÐI

# Lífrænt rauðrófuduft eykur úthald

Rannsóknir á rauðrófu hafa sýnt að hún hefur jákvæð áhrif á blóðflæðið í líkamanum. Íþróttafólk er sérlega hrifið af Organic Beetroot því það hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans. Það víkkar æðar, lækkar blóðþrýsting og eykur snerpu, orku og úthald.



„Um það bil tveimur vikum eftir að ég fór að taka rauðrófuhylkin jókst úthaldið og þrekið á hlaupunum og ég fann bara almennt fyrir meiri orku“

*Ingveldur Erlingsdóttir maraþonhlaupari*






- Aukið blóðflæði
- Bætt súrefnisupptaka
- Lægri blóðþrýstingur
- Minni hand- og fótkuldi
- Aukið úthald, þrek og orka
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi
- Betri heilastarfsemi

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Algeng byrjendamistök í sem gerð eru á leiðinni upp

**Nú þegar sumarið er loksins komið er komin betri tíð fyrir fjallgöngur og annað hálendishangs. Það er frábær leið til að njóta landsins, en það er ýmislegt sem þarf að passa þegar fyrst er farið á fjöll.**

Fjallgöngur eða aðrar langar göngur geta verið frábær og eftirminnileg skemmtun sem er holl fyrir bæði líkama og sál, en það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga áður en maður veður út í óvissuna. Hér verða talin upp nokkur mistök sem eru algeng hjá byrjendum.

### Að pakka vitlaust

Það getur stundum verið erfitt að átta sig á öllum þörfum sínum fyrirfram, sérstaklega í ókunnu umhverfi. Það er algengt að fólk taki of mikið af mat, fötum eða græjum. Reynið að finna eitt gott skópar sem hentar í öllum aðstæðum og passið að taka ekki meira en þarf, það gerir gönguna óþarflega erfiða og getur spillt gleðinni.

Að sama skapi er mikilvægt að gleyma ekki að í óbyggðum skortir ýmis þægindi sem við teljum sjálfsögð, þannig að mikilvægir hlutir sem maður þarf venjulega ekki að pakka, eins og klósettpappír, mega helst ekki gleymast.


Ísland er einn besti staður í heimi til að fara í langar göngur til að njóta náttúrunnar, en það er ýmislegt sem byrjendur þurfa að passa upp á svo að gangan verði sem ánægjulegust. MYNDIR/NORDPICOHOTOS/GETTY

Það er líka mikilvægt að vera með réttu næringuna og nóg af henni. Það kostar mikla orku að fara í göngu og því er mikilvægt að vera með nóg af bæði mat og vatni.

### Að klæða sig vitlaust

Margir gera þau mistök að klæðast of mikilli bómull og að vera í gallabuxum þegar það hentar ekki. Gallabuxur geta hentað illa í göngum, sérstaklega ef það er bleyta eða kuldi og í löngum göngum henta bómullarföt illa því þau draga í sig bæði lykt og raka. Blaut bómullarföt festast líka við líkamann og kæla hann hratt niður. Það er auðvelt að finna góð útivistarföt úr efni sem er vatnsþolið eða þornar hratt og gömlu góðu ullarsokkarnir eru náttúrulega besta leynivopnið gegn kuldanum.

Það er mjög mikilvægt að vera í góðum skóm og sokkum til að koma í veg fyrir blöðrur og eymsli í fótum. Það er best að fjárfesta í góðum gönguskóm, sem eru sérhannaðir til að vera bæði þægilegir og koma í veg fyrir meiðsli á langri göngu. Gangið úr skugga um að þeir passi vel og hafið í huga að fæturnir bólgna aðeins út ef maður gengur allan daginn. Það borgar sig líka að ganga nýja skó til áður en þeir eru notaðir í göngu.

### Vitlaus sjúkragögn eða enginn sjúkrakassi

Margir byrjendur taka annaðhvort of mikið af sjúkragögnum sem þeir kunna ekki að nota eða bara alls engan sjúkrakassa. Það er mikilvægt að hafa sjúkrakassa en innihald hans ætti að mótast af lengd göngunnar, stærð hópsins og kunnáttu þinni. Það er betra að hafa auka sárabindi eða verkjalyf en fínar græjur sem enginn kann að nota.

### Að skoða ekki veðrið

Það kann að hljóma ótrúlega, en meira að segja við Íslendingar gleymum stundum að gera ráð fyrir veðri. Það er alltaf mjög mikilvægt að athuga veðurspána áður en farið er af stað til að tryggja að gangan verði ánægjuleg og örugg.


Það er alltaf betra að hafa einhvern með sér í göngu. Það eykur öryggið og skemmtanagildið líka, ef maður vandar valið.


Gallabuxur og bómullarfatnaður hentar ekki í öllum aðstæðum.

### Að fara ranga leið

Passið að ganga á ykkar hraða og fara leið sem ykkur hentar. Ólíkar gönguleiðir henta ólíku fólki og stundum þarf ólíkt fólk líka að feta ólíkar slóðir á sömu gönguleiðinni.

Veljið leiðina ykkar út frá reynslu, getu og líkamlegu formi. Það er gott að gangan reyni á, en það getur verið hættulegt að fara í of erfiða göngu, sérstaklega ef maður er í vondu formi eða ekki vanur eða vön.

### Að ganga ein(n)

Öryggisins vegna er alltaf betra að hafa einhvern með. Ef eitthvað kemur upp á eða einhver meiðist getur hinn aðilinn aðstoðað eða sótt hjálp. Jafnvel ef fólk er eitt á ferð er rosalega mikilvægt að einhver viti hvar það er og hvenær er von á því aftur. Á www.safetravel.is er hægt að setja inn ferðaáætlun sína þannig að björgunarsveitir geti brugðist við ef eitthvað kemur upp á og átt auðveldara með að finna fólk.









# HOKA - SVÍFÐU YFIR JÖRÐINA!

HOKA skórnir eru með einstaklega mikla dempun og með lágmarks þyngd. Skapaðir til að auka vellíðan og minnka þreytu. Nú eru fáanlegir gönguskór með sömu eiginleikum sem einnig eru vatnsfráhrindandi.



**Speedgoat 3**
Utanvegaskór - Herra



**Speedgoat 3**
Utanvegaskór - Dömu



**Arahi 3**
Hlaupaskór - Dömu



**Arahi 3**
Hlaupaskór - Herra



**Elevon**
Hlaupaskór - Herra



**Elevon**
Hlaupaskór - Dömu



**Clifton 5**
Hlaupaskór - Dömu



**Clifton 5**
Hlaupaskór - Herra



**Arkali**
Gönguskór - Dömu



**Toa**
Gönguskór - Herra



**Toa**
Gönguskór - Dömu

**SPORTÍS**

MÖRKIN 6 - 108 RVK - S: 520-1000 - SPORTIS.IS

# Hreyfing vinnur gegn streitu

**Góð hreyfing kemur í veg fyrir streitu og hvernig líkaminn bregst við álagi, samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var við lögregluháskóla í Noregi en þar er þjálfun lögreglumanna svipuð og hér.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Í lögreglunámi er mikil áhersla lögð á hreyfingu og útivist, enda er starfið erfitt og krefst mikils úthalds og sjálfsaga.

> „Sú þjálfun sem er núna í lögreglufræðunum (í starfsnámi) tengist mest starfinu sjálfu en nemendur þurfa að vera í góðu formi og taka regluleg þrekpróf.

Lögreglumenn og -konur þurfa ekki einungis að vera vel á sig komin líkamlega heldur þurfa þau að takast á við mikið andlegt álag og streitu í starfi. Hreyfing eykur ekki bara líkamlegt heilbrigði heldur bætir einnig hina andlegu hlið, vinnur til dæmis gegn streitu. Rannsóknin sem gerð var meðal 84 útskriftarnema í lögregluháskólanum í Stavern birtist í tímaritinu Journal of Police and Criminal Psychology. Þessir verðandi lögreglumenn þurftu að glíma við gíslingu sem fram fór í hermi. Þeir voru allir í góðu formi en þurftu að takast á við mjög streituvaldandi ástand. Þá var lögð áhersla á sjálfsstjórnun og hæfni til hennar.

Allir nemendur í skólanum eru vel þjálfaðir en vísindamenn sáu að þeir sem voru í besta æfingaforminu höfðu jafnframt mikla getu til sjálfsaga og þar af leiðandi réðu þeir betur við álag. Nemendur voru settir í alls kyns æfingaprógrömm og ýmsar mjög erfiðar aðstæður. Hjartsláttur og púls var mældur fyrir og eftir upplifunina með tæki sem nemendur báru á sér. Greinilegt var að vel þjálfaðir lögreglunemendur áttu auðveldara en hinir með að setja sig í þessar óvæntu erfiðu aðstæður.

Bent er á að þessar niðurstöður séu ekki eingöngu fyrir lögreglumenn, fólk í öðrum störfum getur tekið þær til sín. Regluleg líkamsrækt, útivist og sjálfsagi er nauðsynlegur fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, slökkvistarfi og öðrum störfum þar sem unnið er undir miklu álagi og streitu.





Eyrún telur að öll hreyfing og útivist hjálpi lögreglumönnum að fást við streitu og álag í starfi. MYND/ERNIR

Eyrún Eyþórsdóttir, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, segir að mikil áhersla sé lögð á að verðandi lögreglumenn á Íslandi séu í góðu formi. „Til að stunda lögreglufræði þarf að standast þrekpróf. Síðan þurfa nemendur að standast þrekpróf á meðan á náminu stendur og því þurfa þeir að halda sér í góðu formi allt námið. Einnig þarf að standast læknisskoðun þar sem meðal annars er horft til líkamlegrar heilsu viðkomandi,“ útskýrir hún.

„Sú þjálfun sem er núna í lögreglufræðunum (í starfsnámi) tengist mest starfinu sjálfu en nemendur þurfa að vera í góðu formi og taka regluleg þrekpróf sem felast til dæmis í hlaupum, upphífingum, niðurtogi, bekkpressu, sundi, stökki og fleiru. Þá þurfa lögreglumenn að læra lögreglutök og oft er mikil hreyfing í kringum þau.“

Þegar Eyrún er spurð hvort hún telji að hreyfingin og æfingarnar hjálpi lögreglumönnum að takast á við streitu og áföll, svarar hún því játandi. „Ég hef ekki upplifað það öðruvísi en að skilningur sé á því innan lögreglunnar. Lögreglumenn geta valið að taka árlegt þrekpróf og fá þá hækkun á launum fyrir. Flestir velja að taka prófið og þá halda þeir sig á tánum allt árið. Á stærri stöðum eins og í Reykjavík er æfingaaðstaða á lögreglustöðinni en stundum eru lögreglumenn líka með aðgang að líkamsræktarstöðvum utan opnunartíma og það hefur tíðkast að lögreglumenn geti æft á vinnutíma þegar þannig stendur á. Lögreglumenn fá endurgreiðslu að hluta upp í líkamsræktarkort, bæði frá stéttarfélagi og lögregluembætti. Oft er líka, sér í lagi í almennum deildum, ákveðin „menning“ þar sem lögð er áhersla á hreyfingu og hollt mataræði. Þá standa íþróttafélög lögreglumanna fyrir ýmsum viðburðum fyrir lögreglumenn, sérstaklega í fótbolta, handbolta, golfi, lyftingum og hlaupum og senda meira að segja íslenska lögreglumenn erlendis í lögreglukeppni.“

Eyrún segir að öll líkamsrækt lögreglunnar sé með stuðningi frá embættinu en þeir sjálfir leggja mestu áhersluna á hana sjálfir enda er vitað að regluleg hreyfing gerir þeim kleift að takast betur á við starfið. „Crossfit hefur til að mynda verið vinsælt meðal lögreglumanna og flestir æfa á líkamsræktarstöðvunum,“ segir Eyrún.

# Ekkert vesen og enginn á vergangi

**Gönguhópurinn Vesen og vergangur og SÍBS hafa átt í fjölbreyttu samstarfi síðustu ár. Tvær vinkonur kynntust einmitt í félagsskapnum og ganga nú einnig undir nafninu Afturgöngurnar. Saman elska þær að blotna í fæturna og anda að sér fersku lofti í góðum félagsskap.**

Þær Linda Guðlaugsdóttir og Hrönn Björnsdóttir eru báðar að fara að taka þátt í 150 kílómetra áskorun SÍBS og Vesens og vergangs sem byrjar 1. maí og stendur fram í miðjan júní. Áskorunin felur í sér að þátttakendur gangi a.m.k. 150 km á 6 vikum.

Þann 1. maí er gengin Kattartjarnaleið sem Linda segir að sé skemmtileg leið og eftirminnileg. „Ég hef einu sinni gengið hana áður. Þá var hún reyndar tekin á methraða því það rigndi svo hrottalega að það tók því ekki einu sinni að setjast og fá sér nesti. Ég allavega kaus að standa og bogra yfir bakpokanum meðan ég nærðist svo allt færi ekki á flot. Þetta er í eina skiptið sem ég nennti ekki að fara á vaðskónum yfir á, fór bara á skónum enda bullaði vatnið um tærnar hvort sem er. Allt svona gerir ferðir eftirminnilegar, það „blotnar“ ekki af manni brosið þótt veðrið sé dyntótt.“

Fyrsta ferð Hrannar var einnig eftirminnileg. Það var ferð á vegum SÍBS og Vesens og vergangs í lok haustáskorunarinnar 2016 í hressandi slagviðri og niðamyrkri. „Eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir hún hress. „Í framhaldi skráði ég mig á göngunámskeið – Vesen og bröltí janúar 2017, aðallega til að kynnast helstu gönguleiðum í Reykjavík og nágrenni og fá leiðsögn um hvernig best væri að útbúa sig og þjálfa á veturna. Námskeiðshópurinn náði svo vel saman að við fórum fljótlega að æfa heimaverkefnin á milli námskeiðskvöldanna og styrkja okkur með því að ganga aftur sömu leiðir en þá helst í björtu.“ Hópurinn heldur áfram að ganga og kallar sig Afturgöngurnar.



Hrönn og Linda með glænýja skó úr búð SÍBS. Saman eru þær á námskeiðinu Vesen og meira bröltog í gönguhóp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Linda byrjaði fyrir tveimur árum að ganga í hóp. „Ég hafði fylgst með viðburðum á fésbókarsíðu Vesens og vergangs í marga mánuði og langað að vera með. Fannst það samt eitthvað erfitt. Paufaðist eftir gangstéttum í Kópavogi hring eftir hring, dag eftir dag og það var bara ekkert alveg nóg. Svo ef ég fór að Úlfarsfelli eða að Esju eða eitthvað þvíumlíkt þá leið mér bara ekkert vel að vera ein. Ég hafði látið einhverja svona áskorun fram hjá mér fara og dauðsá eftir því, því ég fylgdist með og sá að þær byrjuðu mjög auðveldlega. Þannig að þegar kom að þessari haustáskorun þá gaf ég mér ekkert val. Bara út með þig, takk fyrir. Ég sé alls ekki eftir því. Það var þvílík blessun. Þarna kynntist maður haug af fólki og það var mjög uppörvandi að þarna voru margir þaulvanir og létu sér ekki allt fyrir brjósti brenna og aðrir eins og ég nýbyrjaðir og vandræðalegir ... eða með hor ... eða hálfkjánalegir ... í pollabuxum en ekki skel.“

Í verslun SÍBS í Síðumúla er nú sértilboð á göngu- og náttúruhlaupaskóm. Linda bendir á að skór skipti máli, fæturnir séu jú farartækin. „Það er betra að hugsa vel um þá. En hver og einn metur auðvitað fyrir sig hvað honum finnst best. Aðstæður eru misjafnar og svo ferðir. Það er samt óþarfi að láta skó stoppa sig. Í göngunum fræðist maður af öðrum um hvað er gott að hafa í huga.“

Hrönn segist hlakka til sumarsins og er búin að skrá sig í fjögurra daga Vesensgöngu í lok júlí þar sem genginn verður Snæfjallahringurinn. „Gönguhátíð Súðavíkur um verslunarmannahelgina er fastur liður enda mikið af áhugaverðum skipulögðum gönguleiðum þá í boði og mikil stemning.“

Linda bendir á að það séu ótrúlega margar skemmtilegar ferðir í boði í sumar með Veseninu og sjálfsagt orðið uppselt í margar þeirra. „Ég hef ekki enn gert upp við mig hverja ég fer í. Mig langar auðvitað að skvera landið þvert og endilangt. Samveran og útiveran eru svo innilega gefandi og styrkjandi.“


ARC'TERYX
sumarið er komið
FJALLA
KOFINN
Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

# Hátækni fyrir fjallageitur

Góð tæki til að létta manni lífið á fjöllum eru til og þurfa ekki að kosta hvítuna úr augunum. Á netinu má finna ýmsar sniðugar græjur í bakpokann sem komið geta í góðar þarfir.



JakPak Waterproof Jacket, Sleeping Bag & Tent. Þetta er töff. Jakki sem breytist í svefnpoka sem breytist síðar í tjald. Það toppar þetta ekkert. Kostar 200 dollara.



Victorinox Expedition Kit. Nýjasta nýtt í hnífasettinu. 41 aðgerð og stafræn klukka og hitamælir og í raun bara nefndu það. Kostar 190 dollara.



Powertraveller Powermonkey Extreme. Sólarrafhlaða sem er mjög þunn og vatnsheld. Hleður símann með sólinni, það er bingó í sal. Kostar 120 dollara.



Handspresso Wild Hybrid. Sniðugasta og léttasta græjan til að búa til kaffi. Kostar 100 dollara en er fljót að borga sig upp.




Nemo Helio Pressure Shower. Sturta eftir góða göngu er engu lík en það er hægt að kaupa þessa stórsniðugu græju á 100 dollara. Maður pumpar bara nokkrum sinnum og fær kraftmikla bunu hvar og hvenær sem er. Hvort vatnið er heitt skal ósagt látið.




Heimplanet Tent. Töff tjald sem þarf bara að blása upp og passar í lítinn poka. Fæst líka í felulitum. Kostar frá 500 dollurum.



MPOWERD Luci. Magnað ljós sem getur lýst upp rúma tvo fermetra. Ljósið kostar um 15 dollara. Ekki dýrt, það.







Við Dyngjujökul árið 1958



Helgarferð í Þórsmörk árið 1960

GJ TRAVEL

Guðmundur Jónasson ehf byggir á gömlum grunni og býður upp á nýlega hópferðabíla þar sem öryggi og þægindi eru í fyrirrúmi.

**Hafðu samband og við keyrum þig hvert á land sem er.**

Guðmundur Jónasson ehf | Vesturvör 34 | 200 Kópavogur | 520 5200 | floti@gjtravel.is | www.ferdir.is

# Stolt af því að stuðla að bættri hjólamenningu

Frá árinu 2003 hefur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands staðið að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með heilsu- og hvatningarverkefninu „Hjólað í vinnuna“ sem hefur verið haldið árlega í maí og stendur yfir í þrjár vikur í senn.

Undanfarinn áratug hefur orðið gríðarleg vakning í þjóðfélaginu um hjólreiðar sem heilsusamlegan samgönguvalkost. Starfsmenn vinnustaða hér á landi hafa aldeilis tekið vel við sér því þátttakan hefur margfaldast á nokkrum árum. Þegar Hjólað í vinnuna rúllaði af stað árið 2003 tóku 533 einstaklingar þátt en þátttakan óx ár frá ári og náði hámarki árið 2012 þegar 11.381 einstaklingur tók þátt. Ætla má að margir þátttakendur hafi tekið hjólreiðar upp sem lífsstíl í framhaldi af þátttöku sinni í verkefninu. ÍSÍ er stolt af því að hafa stuðlað að bættri hjólamenningu á Íslandi og orðið til þess að vinnustaðir og sveitarfélög hafi bætt til muna aðstöðu fyrir hjólandi fólk. Hjólað í vinnuna er nú orðið hluti af menningu margra vinnustaða í landinu í maí ár hvert.

Meginmarkmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakendur eru hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu í þrjár vikur í maí ár hvert.

Í ár fer Hjólað í vinnuna fram frá 8.-28. maí og er það í sautjánda sinn sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands stendur fyrir þessari heilbrigðu vinnustaðakeppni um allt land. Verkefnið verður sett formlega í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum miðvikudaginn 8. maí kl. 8.30 og er öllum sem vettlingi geta valdið boðið að hjóla við og þiggja ljúffengt bakkelsi, hlýða á hressileg hvttningarávörp og hjóla svo verkefnið táknrænt af stað með okkur.



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra setti verkefnið 2018.

**533**
**einstaklingar tóku þátt þegar Hjólað í vinnuna rúllaði af stað árið 2003.**

Keppnisgreinar í Hjólað í vinnuna eru tvær. Í fyrsta lagi vinnustaðakeppni þar sem keppt er um flesta þátttökudaga hlutfallslega miðað við heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum. Keppt er í átta keppnisflokkum út frá stærð vinnustaða. Og í öðru lagi kílómetrakeppni þar sem keppt er á milli liða um annars vegar heildarfjölda kílómetra og hins vegar hlutfall kílómetra miðað við fjölda liðsmanna í liði.

### Hverjir eru gjaldgengir þátttakendur?

Allir geta tekið þátt í Hjólað í vinnuna svo framarlega sem þeir nýta eigin orku til og frá vinnu, þ.e. hjóla, ganga, hlaupa, nota línuskauta o.s.frv. Þeir sem nýta almenningssamgöngur geta einnig tekið þátt en þá er skráð sú vegalengd sem gengin eða hjóluð er til og frá stoppistöð.

Meðan á átakinu stendur eru ýmsir leikir í gangi svo sem skráningarleikur þar sem allir þátttakendur fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að verða dregnir út í þættinum Morgunverkin á Rás 2 alla virka daga. Hjólreiðaverslunin Örninn gefur glæsilega vinninga og þann 28. maí er dregið út glæsilegt reiðhjól að verðmæti 100.000 kr. Myndaleikur verður í gangi á Instagram, Facebook og á vefsíðu Hjólað í vinnuna þar sem fólk er hvatt til að taka skemmtilegar myndir af þátttöku sinni í verkefninu og merkja myndina með #hjoladivinnuna. Með því gætu þátttakendur unnið veglega vinninga frá Nutcase á Íslandi.

Auðvelt er að skrá sig til leiks ásamt því að finna allar frekari leiðbeiningar um verkefnið á www.hjoladivinnuna.is





MYND/BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR

# Börnin á ferð og flugi

Ferðafélag barnanna er starfrækt innan Ferðafélags Íslands en markmið þess er að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúru landsins og fá þannig öll börn til að upplifa leyndardóma umhverfisins og sanna gleði í náttúrunni.

Eins og fyrri ár eru fjölmargar skemmtilegar ferðir í boði yfir sumarið og er stór hluti þeirra ókeypis.

Fyrsta ferð ársins er á morgun, laugardag, en þá er ætlunin að skoða fugla. Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent í dýrafræði við Háskóla Íslands, og Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, munu leiða ferðina um fjöru á höfuðborgarsvæðinu þar sem fuglarnir safnast saman.

Meðal næstu viðburða má nefna fyrstu fjallgönguna af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar en fyrsta ferðin verður 9. maí. Göngugarpar sem ganga á öll fjöllin sex fá viðurkenningarskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna.

Árleg barnavagnavika Ferðafélags barnanna verður vikuna 13.-17. maí en þær gönguferðir eru hugsaðar sem hressandi göngur fyrir mömmur og pabba, afa og ömmur með léttum æfingum, teygjum og slökun.

Allar nánari upplýsingar um Ferðafélag barna og næstu ferðir má finna á www.fi.is.



# Hollt kjúklingasalat

Lárperan er bráðholl og sögð góð til varnar ýmsum lífshættulegum sjúkdómum. Hún gegnir lykilhlutverki í þessu bragðgóða og holla salati sem hæfir vel sem helgarmáltíð eða máltíð á virku kvöldi.

**1 eldaður kjúklingur, rífið allt kjötið af**
**1 gúrka, skorin í litla munnbita**
**4-5 tómatar, sneiddir eða skornir í litla bita**
**¼ rauðlaukur, sneiddur þunnt**
**2 lárperur, sneiddar í litla bita**
**½ bolli steinselja, smátt söxuð**
**3 msk. olía**
**2-3 msk. sítrónusafi**
**Salt og pipar**

Blandið saman í stóra skál kjúklingi, tómötum, gúrku, rauðlauk, lárperunni og saxaðri steinseljunni. Stráið olíunni og sítrónusafanum yfir og saltið og piprið eftir smekk. Blandið vel saman.

Gott eitt og sér eða með góðu brauði.

# Hressandi sjósund

Sjósund nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi en vinsælustu aðstöðuna hér á landi má finna við Ylströndina í Nauthólsvík og á Langasandi á Akranesi auk þess sem sjósund er stundað víða um land. Nú er sjórinn kominn í 7-8 gráður en heitastur er hann um fimmtán gráður í ágúst.

Inn á nautholsvik.is má finna gagnlegar ráðleggingar fyrir nýliða. Þar kemur t.d. fram að byrjendur í sjósundi ættu að vera stutta stund í einu í sjónum, á meðan líkaminn er að aðlagast kuldanum. Í upphafi skal ávallt synda með öðru fólki og góð venja er að kynna sér allar aðstæður áður en farið er í sjóinn, t.d. hitastig, sjávarföll, vindstyrk o.fl. Borðið fyrir sund og best er að fara rólega ofan í sjóinn og leyfa líkamanum að venjast kuldanum. Notið húfu eða sundhettu í áberandi lit og mælt er með sjósundsskóm og vettlingum. Nánari upplýsingar á nautholsvik.is.



**Nauthólsvík er vinsæl allt árið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Bátar




## Þjónusta

### Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

**HUMARSALAN**

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
